



Bæjarstjórn Garðabæjar 19. (878)/2020

Boðað er til 19. (878). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 17. desember 2020 kl. 17:00 Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði samkvæmt heimild í VI. bráðarbirgðarákvæði við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, sbr. lög nr. 18/2020, sbr. auglýsingu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra nr. 1076/2020 og samþykkt bæjarstjórnar frá 19. nóvember 2020.

Dagskrá:

1. 2012018F - Fundargerð bæjarráðs frá 8/12 '20.
2. 2012026F - Fundargerð bæjarráðs frá 15/12 '20.
1904109 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2020 - viðauki 15.

2012149 - Bréf SSH varðandi málefni skíðasvæðanna, dags 08.12.20.

2012150 - Bréf SSH varðandi stafrænt ráð sveitarfélaga, dags. 09.12.20.
3. 2012024F - Fundargerð íþróttta- og tómstundaráðs frá 11/12 '20.
4. 2012019F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 7/12 '20.
5. 2012007F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 30/11 '20.
6. 2012010F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 10/12 '20.
7. 2011043F - Fundargerð skólanefndar tónlistarskóla frá 3/12 '20.
8. 2001425 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 20/11 '20.
9. 2001494 - Fundargerðir samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsv. frá 6/11 og 2/12 '20.
10. 2001357 - Fundargerðir stjórnar Sorpu bs. frá 12/11 og 20/11 '20.
11. 2001161 - Fundargerðir stjórnar SSH frá 30/11 og 7/12 '20.
12. 2012215 - Tillaga um að Garðabær birti fundargerðir verkfunda við byggingu fjölnota íþróttahúss í Vetrarmýri á heimasíðu Garðabæjar

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri.

Bæjarstjórn Garðabæjar
18. (877). fundur 2020

Fimmtudaginn 3. desember 2020 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Jóna Sæmundsdóttir, Almar Guðmundsson, Björg Fenger, Gunnar Einarsson, Guðfinnur Sigurvinsson Sara Dögg Svanhildardóttir, Ingvar Arnarson og Harpa Þorsteinsdóttir.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði samkvæmt heimild í VI. bráðabirgðaákvæði við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, sbr. lög nr. 18/2020, sbr. auglýsingu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra nr. 1076/2020 og samþykkt bæjarstjórnar frá 19. nóvember 2020.

Fundurinn er hljóðritaður.

Sigurður Guðmundsson, forseti bæjarstjórar setti fund og stjórnaði.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 19. nóvember 2020 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2011370 - Tillaga um að streyma fjarfundum bæjarstjórnar.

Lögð fram eftirfarandi tillaga

„Bæjarstjórn samþykkir að fundum bæjarstjórnar sem haldnir eru með fjarfundarbúnaði verði streymt þeint.“

Tillagan samþykkt samhljóða.

2. 2011032F - Fundargerð bæjarráðs frá 24/11 '20.

Fundargerðin sem er 23 tl. er samþykkt samhljóða.

3. 2011044F - Fundargerð bæjarráðs frá 1/12 '20.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 2. tl., stöðumat starfshóps sem skipaður var til að tryggja eftirfylgni með stöðu barna í COVID-19 og 15. tl., gerðardóm í deilumáli ÍAV og Garðabæjar um grundunaraðstæður fjölnota íþróttahúss í Vetrarmýri. Sara lagði fram eftirfarandi bókun:

„Við í Garðabæjarlistanum höfum frá upphafi haft áhyggjur af því að ÍAV myndi reyna að sækja á Garðabæ vegna grundunar og undirstöðu hússins. Þessar áhyggjur voru ræddar við meirihlutann áður en samningar voru undirritaðir í desember 2018. Þá var okkur tjáð að það þyrfti ekki að hafa miklar áhyggjur af þessu, verkið væri í alútboði og hús hafi oft áður verið reist í mýri á súlum. Annað hefur nú komið á daginn. Eftir að deilan fór í þennan farveg höfum við í Garðabæjarlistanum haft efasemdir um að Garðabær væri í fullum rétti gagnvart kröfu ÍAV verkta ka. Rök bæjarstjóra um að mýri væri bara mýri héldu því miður ekki að okkar mati.

En um það snerist deilan eins og allir vita. Það var deilt um hvort grunnupplýsingar í útboðslýsingu hefðu verið fullnægjandi og svo var ekki. Og ábyrgðin er alfarið á hendi Garðabæjar að uppfylla þær

kröfur þegar jarðvegur undir byggingu á í hlut. Og er það ámælisvert að okkar mati hversu óábyrgt hefur verið gengið fram í þeim efnum.

Rannsókn var hafin fyrir margt löngu á jarðvegi en aldrei kláruð. Hitt sem síðan sömuleiðis er ámælisvert er að ekki hafði verið gengið frá deiliskipulagi þegar ákvörðun um staðsetningu byggingar var tekin. Það er rekið í gerðardómnum sömuleiðis.

Hér höfum við enn eitt dæmið um galla á opinberum innkaupum sveitarfélaga.

Niðurstaðan er áfellisdómur fyrir sjálfstæðismenn í meirihluta bæjarstjórnar Garðabæjar. Hér fara ákvarðanir og allt tal um ábyrga fjármálastjórn því miður ekki saman. Það gengur ekki að farið sé með skattfé íbúa ítrekað í málaverfi. Næg eru verkefnin fyrir sem skortir fjármagn.“

Gunnar Einarsson, ræddi 2. tl., stöðumat starfshóps sem skipaður var til að tryggja eftirfylgni með stöðu barna í COVID-19 og 15. tl., gerðardóm í deilumáli ÍAV og Garðabæjar um grundunaraðstæður fjölnota íþróttahúss í Vetrarmýri. Gunnar lagði fram eftirfarandi bókun:

,Framkvæmdir við fjölnota íþróttahúsið sem nú er að rísa í Vetrarmýri hafa gengið vel í haust eftir að verkið hófst á ný í lok sumars. Um tíma lágu framkvæmdir niðri vegna ágreinings Garðabæjar og Íslenskra aðalverktaka um kostnað við grundun hússins.

Í sumar var gert samkomulag um úrlausn ágreinings og gerðardómsmeðferð eftir viðræður og sáttaverli milli Garðabæjar og ÍAV. Með samkomulaginu var tryggt að verkið gæti haldið áfram þar til niðurstaða um úrlausn málsins lægi fyrir. Málsaðilar voru sammála um að fjárhæð sú sem færí fyrir gerðardóm næmi um 200 mkr. Gerðardómur kom saman í haust og í niðurstöðum dómsins sem birtur var aðilum 23. nóvember sl. fellur um 166 mkr viðbótarkostnaður í hlut Garðabæjar og um 35 mkr á ÍAV.

Í niðurstöðu gerðardóms segir að ekki er talinn vafi á að mannvirkidóttir hugsanlegar grunnvatnsbreytingar á svæðinu umhverfis íþróttahúsið í framtíðinni en að upphafleg lausn hefði ekki uppfyllt það skilyrði jafn vel. Dómurinn telur að í því felist verðmæti fyrir Garðabæ við framtíðaruppbryggingu nærliggjandi svæðis. Fyrir vikið fá Garðbæingar enn betra mannvirki sem mun um langt skeið nýtast vel fyrir þá íþróttastarfsemi og heilsueflingu sem verður starfrækt í húsinu og mun skapa bæjarbúum margvísleg tækifæri til heilsubótar um áratuga skeið.

Minnihlutinn í bæjarstjórn gerði engar athugasemdir á neinu stigi málsins um þær faglegu forsendur sem lágu til grundvallar samningum við ÍAV og síðari viðauka við þá. Þegar ágreiningur kom upp milli Garðabæjar og Íslenskra aðalverktaka um kostnað við grundun hússins lagði minnihlutinn til að ekki yrði farin sáttaleið heldur yrði ÍAV stefnt fyrir vanefndir. Það hefði þýtt að bjóða yrði verkið út aftur með óvissu um hvaða tilboð kæmi, tafir og 2-3 ára dómsmál. Meirihluti bæjarstjórnar mat það svo að slík vegferð myndi kosta bæjarfélagið mun meira bæði fjárhagslega og í óásættanlegum töfum á nýtingu mannvirkisins.“

Ingvar Arnarson, ræddi 15. tl., gerðardóm í deilumáli ÍAV og Garðabæjar um grundunaraðstæður fjölnota íþróttahúss í Vetrarmýri, 13. tl., fyrirspurn Garðabæjarlistans um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Ingvar lagði til að svörin verði lögð fram í fjölskylduráði og samráðshópi um málefni fatlaðs fólks.

Almar Guðmundsson, ræddi 15. tl., gerðardóm í deilumáli ÍAV og Garðabæjar um grundunaraðstæður fjölnota íþróttahúss í Vetrarmýri,

Björg Fenger, ræddi 15 tl., gerðardóm í deilumáli ÍAV og Garðabæjar um grundunaraðstæður fjölnota íþróttahúss í Vetrarmýri.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 15. tl., gerðardóm í deilumáli ÍAV og Garðabæjar um grundunaraðstæður fjölnota íþróttahúss í Vetrarmýri.

Ingvar Arnarson, ræddi 15. tl., gerðardóm í deilumáli ÍAV og Garðabæjar um grundunaraðstæður fjölnota íþróttahúss í Vetrarmýri.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 15. tl., gerðardóm í deilumáli ÍAV og Garðabæjar um grundunaraðstæður fjölnota íþróttahúss í Vetrarmýri.

Gunnar Einarsson, ræddi 15. tl., gerðardóm í deilumáli ÍAV og Garðabæjar um grundunaraðstæður fjölnota íþróttahúss í Vetrarmýri,

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 15. tl., gerðardóm í deilumáli ÍAV og Garðabæjar um grundunaraðstæður fjölnota íþróttahúss í Vetrarmýri,

Almar Guðmundsson, ræddi 15. tl., gerðardóm í deilumáli ÍAV og Garðabæjar um grundunaraðstæður fjölnota íþróttahúss í Vetrarmýri.

Afgreiðsla mála.

„Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að veita Urriðaholti ehf. og Styrktar- og líknarsjóði Oddfellowa leyfi til framkvæmda samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna losunar á 49.300 m³ jarðefnis af byggingarsvæði í Urriðaholti á svæði í norðvesturhorni golfvallar.“ (Mál nr. 2010116)

Sara Dögg Svanhildardóttir, kvaddi sér hljóðs vegna atkvæðagreiðslu um beiðni Sorpu bs. um lántöku.

Jóna Sæmundsdóttir, kvaddi sér hljóðs vegna atkvæðagreiðslu um beiðni Sorpu bs. um lántöku.

Gunnar Einarsson, kvaddi sér hljóðs vegna atkvæðagreiðslu um beiðni Sorpu bs. um lántöku.

Gunnar Valur Gíslason, kvaddi sér hljóðs vegna atkvæðagreiðslu um beiðni Sorpu bs. um lántöku.

Sara Dögg Svanhildardóttir, kvaddi sér á ný hljóðs vegna atkvæðagreiðslu um beiðni Sorpu bs. um lántöku.

„Bæjarstjórn samþykkir beiðni stjórnar Sorpu bs. um heimild til að framlengja skammtimalántöku allt að 1.100 mkr. í formi yfirdráttarheimildar á reikningi félagsins hjá Íslandsbanka hf. og nýrrar lántöku að fjárhæð 300 mkr til 10 ára. hjá Íslandsbanka hf.“ (Mál nr. 2011230)

Björg Fenger vék sæti við umræðu og afgreiðslu málsins.

Fundargerðin sem er 21 tl. er samþykkt samhljóða.

4. 2011026F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 18/11 '20.

Almar Guðmundsson, ræddi 5. tl., íþróttar- og tómstundastyrkí til lágtekjuheimila og 6. tl., tölulegar upplýsingar og rannsóknir í barnavernd og fjárhagsaðstoð.

Fundargerðin er lögð fram.

5. 2011029F - Fundargerð íþróttar- og tómstundaráðs frá 20/11 '20.

Björg Fenger, ræddi 2. tl., íþróttar- og tómstundastyrkí til lágtekjuheimila og 3. tl., íþróttahátíð 2020, 4. tl. endurnýjun forvarnarstefnu og 7. tl., stöðumat starfshóps sem skipaður var til að tryggja eftirfylgni með stöðu barna í COVID-19.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 7. tl., stöðumat starfshóps sem skipaður var til að tryggja eftirfylgni með stöðu barna í COVID-19.

Björg Fenger, ræddi 7. tl., stöðumat starfshóps sem skipaður var til að tryggja eftirfylgni með stöðu barna í COVID-19.

Fundargerðin er lögð fram.

6. 2011019F - Fundargerð leikskólanefndar frá 18/11 '20.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 1. tl., starfsáætlanir leikskóla 2020-2021. Þá ítrekaði Sara Dögg fyrirspurn sína frá síðasta bæjarstjórnarfundi um umbun til starfsmanna.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 1. tl., starfsáætlanir leikskóla 2020-2021. Áslaug Hulda sagði frá því að dómnefnd vegna samkeppni um hönnun nýs leikskóla í Urriðaholti hefur tekið til starfa.

Gunnar Einarsson, ræddi almennt umbun til starfsmanna.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi að nýju fyrirspurn um umbun til starfsmanna.

Gunnar Einarsson, ræddi að nýju um umbun til starfsmanna.

Fundargerðin er lögð fram.

7. 2001426 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 30/11 '20.

Fundargerðin er lögð fram.

8. 2001161 - Fundargerðir stjórnar SSH frá 9/11, 16/11 og 23/11 '20.

Fundargerðirnar lagðar fram.

9. 2001161 - Fundargerð 44. aðalfundar SSH frá 13/11 '20.

Fundargerðin er lögð fram.

10. 2001357 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 27/11 '20.

Fundargerðin er lögð fram.

11. 2006025 - Kosning eins aðalfulltrúa í íþróttá- og tómstundráðs.

„Bæjarstjórn samþykkir að kjósa Þorra Geir Rúnarsson að nýju sem aðalfulltrúa í íþróttá- og tómstundaráð en Þorri Geir flutti tímabundið úr bænum og missti við það kjörgengi til að vera fulltrúi í fastanefnd á vegum bæjarstjórnar.“

12. 2012025 - Tillaga um að Garðabær innleiði Framfaravogina mælitæki sem mælir velsæld bæjarbúa.

Sara Dögg Svanhildardóttir, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu Garðabæjarlistans.

„Bæjarstjórn samþykkir að hefja vinnu við að greina kosti og galla þess að innleiða Framfaravogina mælitæki sem mælir velsæld bæjarbúa.“

Greinargerð:

Samhliða innleiðingu Heimsmarkmiða, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og þess að Garðabær er þegar orðið Heilsueflandi samfélag er mikilvægt að hafa þar til gerð tæki og tól til þess að mæla árangur.

Velsæld íbúa skiptir máli og því skiptir máli að geta mælt og unnið að betra samfélagi út frá niðurstöðum mælinga. Framfaravogin gefur slika yfirsýn og hefur þegar sýnt gagnsemi sína í nokkrum sveitarfélögum hér á landi.

Markmið Framfaravogarinnar er að draga fram stöðu félagslegra framfara í samféluginu og um leið að sýna hvar og hvað má betur fara. Framfaravogin er stjórnæki eða einskonar vegvísir sem hjálpar sveitarfélögum að byggja upp umhverfi og innviði sem stuðla að félagslegu öryggi, heilbrigðum lifsháttum og samfélagslegri þáttöku allra íbúa.

Áherslur á félagslegar framfarir og umbætur er taka tillit til fleiri þátta en efnahagslegra verðmæta einna, hafa aukist verulega á undanförnum misserum. Ein leið til að draga fram stöðuna og stilla upp aðgerðum þar sem að félagslegar framfarir eru hafðar að leiðarljósi er að beita kortlagningu vísitölu félagslegra framfara.

Gunnar Einarsson, ræddi framkomna tillögu og lagði til að tillögunni verði vísað til bæjarráðs.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi framkomna tillögu.

Björg Fenger, ræddi framkomna tillögu.

Bæjarstjórn samþykkir að vísa framkominni tillögu til bæjarráðs.

13. 2012024 - Tillaga um endurskoðun skólastefnu leik- grunn- og tónlistarskóla Garðabæjar.

Sara Dögg Svanhildardóttir, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu Garðabæjarlistans.

„Bæjarstjórn samþykkir að hefja vinnu við endurskoðun á skólastefnu leik-, grunn- og tónlistarskóla Garðabæjar og setja á laggirnar stýrihóp sem ber ábyrgð á þeirri vinnu. Stýrihópur hefji störf strax á nýju ári.“

Greinargerð

Þann 3. október árið 2013 var síðast ákveðið að fara í heildstæða endurskoðun á skólastefnu Garðabæjar. Því er brýnt að koma þeirri vinnu af stað sem allra fyrst. Gildandi skólastefna er þegar orðin barn síns tíma og skortir að spegla það samfélag sem við búum í dag að fullu.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi framkomna tillögu og upplýsti að fyrir lægi að taka málið á dagskrá á næsta fundi skólanefndar sem þegar hefur verið boðaður. Fram kom að málið hefur verið í undirbúningi hjá starfsmönnum skólaskrifstofu. Áslaug Hulda lagði til að tillögunni verði vísað frá.

Ingvar Arnarson, ræddi framkomna tillögu.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi framkomna tillögu.

Gunnar Einarsson, ræddi framkomna tillögu.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi framkomna tillögu.

Ingvar Arnarson, ræddi framkomna tillögu.

Bæjarstjórn samþykkir með átta atkvæðum (SG,ÁHJ,GVG,JS,AG,BF,GE,GS) gegn þremur (SDS,IA,HP).að fella framkomna tillögu.

14. 2012029 - Tillaga um að útfæra leiðir til að innleiða fjárhagslega hvata fyrir íbúa sveitarfélagsins sem að stuðla að betri flokkun og úrgangsstjórnun í sveitarféluginu.

Áslaugu Huldu Jónsdóttur, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu sem hún flytur ásamt. Jónu Sæmundsdóttur.

„Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að fela Umhverfisnefnd Garðabæjar að útfæra leiðir til að innleiða fjárhagslega hvata fyrir íbúa sveitarfélagsins sem að stuðla að betri flokkun og úrgangsstjórnun í sveitarfélagini. Jafnframt að viðurkenningum fyrir góðan eða eftirtektarverðan árangur sem tengjast flokkun og betri úrgangsstjórnun verða hluti af árlegum umhverfisviðurkenningum Garðabæjar. „

Greinargerð:

Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna telur að 70% til 90% nauðsynlegra aðgerða í loftlagsmálum séu bundin sveitarstjórnarstiginu. Hér gegna sveitarfélögin því lykilhlutverki. Það er því mikilvægt að sveitarfélögin taki þátt í þessu mikilvæga verkefni að fullum þunga og horfi þar til úrgangs, flokkun, samgangna, endurheimtur votlendis og aðrar grænar lausnir með það að markmiði að fækka sótsporum í starfsemi sveitarfélagsins.

Allt að 8% af heildarlosun Íslendinga er frá sorpi meðan hún er um 1-3% hjá þjóðum sem við viljum gjarnan bera okkur saman við. Frá því að mælingar hófust um 1990 hefur losunin aukist á Íslandi á sama tíma og hún hefur dregist saman um allt að 70% hjá þjóðum sem eru til fyrirmynadar í þessum málum.

Garðabær hefur lagt mikla áherslu á umhverfismál. Ekkert sveitarfélag hefur friðlýst jafn mikið landsvæði og Garðabær. Bæjarstjórn hefur samþykkt samhljóða að draga úr sótsporum í starfsemi sveitarfélagsins. Græn innkaupastefna, stefna í úrgangsmálum auk þess sem plastnotkun verður minnkuð. Það er því mikilvægt næsta skref að íbúar sveitarfélagsins geti tekið enn meiri þátt og að fundnir verði fjárhagslegir hvatar fyrir íbúa til að gera enn betur.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi framkomna tillögu.

Guðfinnur Sigurvinsson, ræddi framkomna tillögu.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi framkomna tillögu.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi að nýju framkomna tillögu.

Bæjarstjórn samþykkir framkomna tillögu.

15. 2011429 - Gjaldskrá Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.

Bæjarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti samhljóða gjaldskrá Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.

16. 2006130 - Gjaldskrá um sorphirðu í Garðabæ.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða gjaldskrá sorphirðu í Garðabæ.

17. 2006130 - Gjaldskrá um hreinsun taðþróa í hesthúsahverfinu við Kjóavelli í Garðabæ.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða gjaldskrá um hreinsun taðþróa í hesthúsahverfinu við Kjóavelli í Garðabæ.

18. 2006130 - Gjaldskrá leikskóla.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða gjaldskrá leikskóla.

19. 2006130 - Gjaldskrá fyrir frístundaheimili.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða gjaldskrá fyrir frístundaheimili.

20. 2006130 - Gjaldskrá fyrir starfsemi frístundar.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða gjaldskrá fyrir starfsemi frístundar.

21. 2006130 - Gjaldskrá vegna skólamálsverða í grunnskólum Garðabæjar.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða gjaldskrá skólamálsverða í grunnskólum Garðabæjar.

22. 2006130 - Gjaldskrá sundlauga Garðabæjar.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða gjaldskrá sundlauga Garðabæjar.

23. 2006130 - Gjaldskrá Bókasafns Garðabæjar.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða gjaldskrá Bókasafns Garðabæjar.

24. 2006130 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar árið 2021 (2021-2024)

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri fjallaði um frumvarp að fjárhagsáætlun og gerði grein fyrir eftirfarandi tillögum um breytingar við frumvarp að fjárhagsáætlun.

„Klifið - samningur frá í júlí 2020	1.000.000	Samningur frá 2015 hækkaði.
Skíðasvæði höfuðborgarsvæðis	3.200.000	Samkvæmt tillögu að áætlun.
Jöfnun úrgangsmoldar	-15.500.000	Fært á kostnað við gatnagerð.
Rekstur stofnana ýmiss vörukaup	-15.000.000	Aðhald stofnana - hagræðing.
Aðalskipulag	-5.000.000	Dregið verði úr þjónustukaupum.
Tölvuþjónusta	-5.000.000	Aðhaldskrafa - hagræðing.
Samtals lækkun kostnaðar	-36.300.000“	

Gunnar Valur Gíslisson, tók til máls og þakkaði starfsmönnum bæjarins fyrir þeirra hlut við undirbúning og gerð fjárhagsáætlunar bæjarfélagsins.

Sara Dögg Svanhildardóttir tók til máls og lagði fram eftirfarandi bókun.

„Þreingigar blasa við í fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2021. Við erum að takast á við óvenjulegar aðstæður þar sem utanaðkomandi áhrif, sem ekki verður stjórnað svo glatt, hafa veruleg áhrif á tekjur sveitarfélagsins. Halli á A-hluta verður tæpur hálfur milljarður.

Tekjur úr B sjóði rétta stöðuna þó tölувert þannig að við horfum upp á kringum 40 milljóna króna halla samkvæmt þessari áætlun.

Garðabær er í örum vexti og fjölgun íbúa meiri en víða annars staðar. Íbúavexti fylgja aukin útgjöld vegna lögbundinnar þjónustu en skapa um leið auknar tekjur. Hér fjölgar eldri borgurum mjög og félagsleg þjónusta fer vaxandi. Garðabæjarlistinn hefur áður gert athugasemd við þá aðferðarfræði meirihlutans að vanáætla kerfislega íbúaþróun. Eins hafa tekjur af lóðasölu verið mjög varlega áætlaðar. Nú ert gert ráð fyrir rúmlega 200 m.kr. þegar lóðarsala árið 2020 gaf 1 milljarð í tekjur. Þessi aðferðafræði vanáætlunar og ógagnsæis hugnast okkur í Garðabæjarlistanum ekki. Hér er miðað við að auka óvissu í umhverfi þar sem þegar ríkir óvenjumikil óvissa um stöðu til næstu missera. Við teljum hins vegar að í fjárhagsáætlun þar sem vandað er til verka séu allir óvissuhættir takmarkaðir eins og kostur er. Tekjur sveitarfélagsins geta aukist mjög hratt vegna íbúafjölgunar og lóðasölu.

Kominn er tími fyrir fjárfrekt viðhald á húsnæði bæði leik- og grunnskóla í Garðabæ. Styrking annarrar lögbundinnar þjónustu, sem sveitarfélagið verður að standa undir, þokar hægt áfram. Það er miður að meirihlutinn hafi að undanförnu lagt áherslur á fáar afar fjárfrekar framkvæmdir, í stað þess að stilla þeim upp af hófsemi og geta um leið styrkt innviði leik- og grunnskóla sem eru undirstöður samfélagsins. Nú, í erfiðu efnahagsástandi, bindur það sjóð sveitarfélagsins í báða skó að vera með stóra skuldbindingu í framkvæmd. Við í Garðabæjarlistanum höfum áður gagnrýnt íburð og stórtæki þeirrar framkvæmdir og staðan í dag sýnir enn frekar að þar hefði mátt gæta hófsemi. Öll erum við sammála um mikilvægi þess að bjóða upp á góða aðstöðu íbúa til að stunda íþróttir, menningu og listir eða almenna heilsubót sem ég veit að tilvonandi íþróttamannvirki sem nú ris í Vetrarmýrinni mun gera. En þar hefði mátt gæta meiri ábyrgðar við ákvörðun um þá fjármuni sem ætlað er í síða aðstöðu. Það er því miður að sjá að meirihlutinn hafi ekki vilja til að leggja í frekari fjárfestingar til framtíðar. Engar áætlanir liggja fyrir um fjárfestingu í stafrænni tækni þrátt fyrir að nú liggja fyrir kostnaðargreind verkefni sem ráðast má í strax. Frekar er valið að bíða og sjá. Vissulega er hreyfing á málum og mikilvægt að sveitarfélög taki sig saman í stærri verkefnum en það má ekki stoppa eða hægja á þeiri vegferð sem lagt hefur verið upp með. Miklu frekar eiga slík teikn að vera til þess að flýta fyrir og vera hvetjandi til góðra verka strax en ekki seinna. Að gera ekki einu sinni ráð fyrir fjármagni í verkefnið óháð með hvaða hætti farið verður í stafrænar umbreytingar staðfestir stefnuleysið og engan vilja til að vera leiðandi og staðfesta allt tal um snjallvæddan Garðabæ sem hefur ómað þegar vel liggur á.

Von um að verkefnið gefið rými inn í fjárhagsáætlun til næstu ára er úti. Því miður.

En hér hefur Garðabæjarlistinn talað fyrir stærri skrefum í fjárfestingu til að mæta framtíðinni, jafnvel með lántöku. Stafræn tækni getur skapað tölverða hagræðingu í rekstri til framtíðar og með henni skapast svigrúm fyrir sveitarfélagið til að tryggja framúrskarandi starfsfólk til starfa í grunnþjónustu sveitarfélagsins. Garðabæjarlistanum þykir leitt að sjá að ekki sé að finna meiri framsýni í fjárhags- og fjárfestingaráætlunum bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins.

Einnig er það mjög miður að sjá að sproti leik- og grunnskólastarfs er skorinn niður með því að skera þróunarsjóð leik- og grunnskóla niður um helming. Þetta er verkefni sem meirihlutinn hefur upphafið í mörg ár. Stolt sveitarfélagsins hefur falist í því að gera betur en margir aðrir til að bæta skólastarf, við að styðja við framþróun og efla kennara. Hér hefur verið tekin ákvörðun um að verja störf og grunnþjónustu, nema hér. Á þessa forgangsröðun getur Garðabæjarlistinn ekki fallist. Hér er ekki um háa fjárhæð að ræða, sem virðist vera hægt að dæla í önnur verkefni. Það er einfaldlega skamarlegt að sjá meirihlutann verja þessa ákvörðun.

Í fjárhagsáætlun meirihlutans er ekki að finna sérstaklega styðjandi aðgerðir í þágu barnafjölskyldna. Enn er ekki rými til að veita systkinaaflslátt í íþróttastarfi, líkt og Garðabæjarlistinn hefur marg oft lagt fram, auk þess sem það var eitt af 100 loforðum Sjálfstæðisflokkssins sem nær ekki í gegn. Þá hefur ekki verið unnið áfram með tillögu okkar í Garðabæjarlistanum um hækjun hvatapeninga, þrátt fyrir að meirihlutinn hafi lagt fram ágæta útfærslu sem fyrsta skref í þá átt með því að tekjutengja hækjun þeirra. Þessar tillögur í þágu barnafjölskyldna líta enn ekki dagsins ljós í fjárhagsáætlun fyrir árið 2021.

Meirihlutanum finnst þess í stað það góð hugmynd að tryggja fjármuni í opnunarhátið íþróttahúss á kosningavorinu 2022. Svo mikil áhersla er lögð á þessa opnunarhátið að lagt er til að í fjárhagsáætlun fyrir árin 2021 og 2022 verði kostnaður við hátíðarhöldin upp á hundruð milljóna m.a. falinn undir liðnum tækjakaup. Það er nú allt gagnsæið og faglegheitin við gerð þessarar fjárhagsáætlunar. Allt til að tryggja fjármögnun hátíðar sem öllum má vera nokkuð ljóst að betur færi á að kalla kosningahátið Sjálfstæðisflokkssins 2022.

Að þessu sögðu samþykki ég ekki fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2021.“

Guðfinnur Sigurvinsson, tók til máls

Almar Guðmundsson, tók til máls.

Ingvar Arnarson, tók til máls og lagði fram eftirfarandi bókun.

„Árið í ár hefur á margan hátt verið sérstakt og áhrifum kórónaveirunnar gætir alls staðar í samfélagini og hefur svo sannarlega sett mark sitt á líf fólks og umhverfi. Undirbúningur og vinna við fjárhagsáætlun í ár hefur verið öðruvísi en oft áður og að mínu mati átt að kalla fram kröftuga framtíðarsýn allra bæjarfulltrúa þar sem samstaða, ábyrgð og metnaður hefðu verið í heiðri höfð. Því

miður hefur það ekki verið raunin, viðmót meirihlutans hefur í raun verið í þveröfuga átt við þessa sýn og kristallaðist það svo sannarlega á fundi minni- og meirihluta á milli umræðna, það er í raun afturför.

Í fjárhagsáætlun er farið mjög varlega í áætlun um fjölgun íbúa og lóðasölu þó svo að ný hverfi séu í uppbyggingu og enn fleiri að klárast í skipulagsferli. Að mínu mati má gera ráð fyrir að meira komi inn fyrir sölu lóða á þessu ári en gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun.

Það er ánægjulegt að sjá að fé til framkvæmda er töluvert og er það skynsamlegt á þessum tínum. Ég hefði gjarnan viljað sjá metnaðarfulla framkvæmdaáætlun hvað varðar skólahúsnæði í nýjum hverfum. Einnig er komið að miklu viðhaldi á húsnæði í leik- og grunnskólum bæjarins og er nauðsynlegt að bæta verulega í þar.

Það er margt sem að við í Garðabæjarlistanum hefðum viljað sjá inn í þessari áætlun og hefðum gjarnan viljað taka alvöru samtal um. Má þar nefna atriði sem gagnast barnafjölskyldum eins og systkinaafslátt í íþróttum og hækkun hvatapeninga. Hækkan hvatapeninga hefði ekki bara komið til móts við fjölskyldur heldur einnig félög í bænum sem bjóða upp á skipulagt íþrótt og tómstundastarf. Einnig hefðum við viljað leggja fé í stafræna vegferð og vonandi verður raunin þegar að stafrænt ráð sveitarfélaga leggur fram sínar hugmyndir. Með stafrænum lausnum má spara til lengri tíma. Það voru mikil vonbrigði þegar þróunarsjóður leik- og grunnskóla var skorinn niður í ár og enn meiri vonbrigði með þá upphæð sem á að leggja til árinu 2021.

Þegar að þessi atriði eru skoðuð hefði verið hægt með auðmýkt og samstöðu að finna flöt á þeim sem allir bæjarfulltrúar gætu samþykkt. Það er því miður ekki raunin og þ.a.l. mun ég ekki samþykka fjárhagsáætlun 2021.“

Sigurður Guðmundsson, tók til máls.

Jóna Sæmundsdóttir, tók til máls.

Harpa Þorsteinsdóttir, tók til máls og lagði fram eftirfarandi bókun.

„Hér stendur til að samþykka fjárhagsáætlun fyrir komandi ár, áætlun sem endurspeglar áherslur í starfsemi sveitarfélagsins og ráðstöfun skattfjár til margvíslegra verkefna sem liggja fyrir. Meirihlutinn, sem eðlinu samkvæmt starfar í anda sjálfstæðismanna hefur ekki haft áhuga á samstarfi og þáttöku allra bæjarfulltrúa við vinnu fjárhagsáætlunar.

Ég tek undir bókanir félaga minna í Garðabæjarlistanum hvað þetta varðar og ítreka mikilvægi þess að leita eftir sjónarmiðum og þáttöku allra sem sitja við bæjarstjórnarborðið við vinnu að fjárhagsáætlun og væri slík samvinna öllum til framdráttar. Í ljósi þeirrar afstöðu sem meirihlutinn hefur gagnvart þeirri vinnu þá get ég ekki samþykkt fjárhagsáætlun fyrir árið 2021.“

Guðfinnur Sigurvinsson, tók til máls.

Björg Fenger, tók til máls.

Almar Guðmundsson, tók til máls.

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls.

Gunnar Einarsson, tók til máls.

Gunnar Valur Gíslason, tók til máls.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, tók til máls og lagði fram eftirfarandi bókun.

„Fjárhagsáætlun Garðabæjar er nú unnin við óvenjulegar aðstæður. Undanfarna mánuði hefur reynt mikið á að halda uppi grunnþjónustu bæjarins bæði út frá sóttvarnaaðgerðum sem og því tekjufalli sem hefur orðið á svo mörgum vígstöðvum í samfélaginu og hefur áhrif á rekstur sveitarfélaga um allt land. Í forsendum fyrir fjárhagsáætlun Garðabæjar 2021 sem nú liggur fyrir til samþykktar er gert ráð fyrir að þjónusta við bæjarbúa verði áfram eins og best verður á kosið, að ekki verði dregið úr grunnþjónustu vegna samdráttar tekna, að álögum á íbúa verði haldið eins lágum og kostur er og að

háu fjárfestingarstigi verði haldið uppi með innviðafjárfestingum sem nemur 3.5 milljörðum króna. Jafnframt verði gætt ítrasta aðhalds í rekstri bæjarins. Gert er ráð fyrir óbreyttu álagningaráhlutfalli útsvars 13,7 %, sem er það lægsta sem þekkist meðal stærri sveitarfélaga landsins. Fjárhagsstaða Garðabæjar er traust, skuldir eru hóflegar og langt undir viðmiðunarmörkum samkvæmt 2. tl. 2. mgr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga en þar er mælt fyrir um að skuldir megi ekki vera hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum. Skuldaviðmið verður 88,3% sem er mjög ásættanlegt. Í Garðabæ hefur uppbygging á nýjum svæðum verið jöfn og þétt og þrátt fyrir óvissuástand eru það jákvæðar fréttir að á næstu misserum koma til uppbyggingar svæði í Garðabæ sem gefa bæjarfélagini umtalsverðar tekjur inn í framtíðina, t.d. í Vetrarmýri og Hnoðraholti, við Lyngás, í Urriðaholti, á miðsvæði Álfstaness og á Garðaholti. „

Áslaug Hulda ítrekaði þakkar til starfsmanna bæjarins fyrir þeirra vinnu við undirbúning og gerð fjárhagaáætlunar Garðabæjar.“

Bæjarstjórn samþykkir með átta atkvæðum (SG,ÁHJ, GVG,JS,AG,BF,GE,GS) tillögu um breytingar á frumvarpi að fjárhagsáætlun. Sara Dögg Svanhildardóttir greiðir atkvæði gegn tillöggunni. Ingvar Arnarson og Harpa Þorsteinsdóttir sitja hjá.

Bæjarstjórn samþykkir framkvæmdir fyrir fjárhagsáætlunar með átta atkvæðum (SG,ÁHJ, GVG,JS,AG,BF,GE,GS). Þrír greiða atkvæði gegn samþykkt framkvæmdir fyrir fjárhagsáætlunar (SDS,IA,HP).

Bæjarstjórn samþykkir frumvarp að fjárhagsáætlun með framkomnum breytingartillögum sem fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2021-2024 með átta atkvæðum (SG,ÁHJ, GVG, JS,AG,BF,GE,GS) Þrír greiða atkvæði á gegn samþykkt fjárhagsáætlunar (SDS,IA,HP).

Niðurstöður rekstrarreiknings fyrir A og B hluta samkvæmt fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2021- 2024 eru:

	2021	2022	2023	2024
Tekjur:	17.393.686	18.673.889	19.633.390	20.328.342
Gjöld:	<u>15.733.627</u>	<u>16.174.555</u>	<u>16.764.934</u>	<u>17.371.631</u>
Rekstrarniðurstaða f. afskriftir:	1.660.059	2.499.333	2.868.457	2.956.711
Afskriftir	(1.041.932)	(1.165.420)	(1.237.896)	(1.308.183)
Rekstrarniðurst. án fjárm.tekna/gjálda	(618.127)	1.333.913	1.630.560	1.648.528
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(652.698)	(749.156)	(778.884)	(780.540)
Rekstrarniðurstaða	(34.571)	584.757	851.677	867.989

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Í lok fundar var fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundargerðin verður send fundarmönnum í tölvupósti en undirrituð þegar bæjarfulltrúar koma saman að nýju samkvæmt hefðbundnu fundarformi.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigurður Guðmundsson, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Jóna Sæmundsdóttir, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Björg Fenger, (sign)
Gunnar Einarsson, (sign)
Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)
Harpa Þorsteinsdóttir, (sign)
Guðfinnur Sigurvinsson, (sign)


Undirritunarsíða

Áslaug Hulda Jónsdóttir



Undirritað af:
Áslaug Hulda
Jónsdóttir
0505764699
Dags: 05.12.2020
Tími: 13:19:31
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: a5811fb5-
a6cf-421f-94e5-
dbc4c98b7167

Sigríður Hulda Jónsdóttir




Undirritað af:
Sigríður Hulda
Jónsdóttir
1809645689
Dags: 08.12.2020
Tími: 12:44:16
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: a5811fb5-
a6cf-421f-94e5-
dbc4c98b7167

Sigurður Guðmundsson



Undirritað af:
Sigurður
Guðmundsson
2003703419
Dags: 07.12.2020
Tími: 10:32:47
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: a5811fb5-
a6cf-421f-94e5-
dbc4c98b7167

Gunnar Valur Gíslason



Undirritað af:
Gunnar Valur Gíslason
0603586809
Dags: 05.12.2020
Tími: 22:20:09
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: a5811fb5-
a6cf-421f-94e5-
dbc4c98b7167

Jóna Sæmundsdóttir



Undirritað af:
Jóna Sæmundsdóttir
1903582169
Dags: 07.12.2020
Tími: 16:52:27
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: a5811fb5-
a6cf-421f-94e5-
dbc4c98b7167

Almar Guðmundsson




Undirritað af:
Almar Guðmundsson
0305722979
Dags: 07.12.2020
Tími: 10:36:48
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: a5811fb5-
a6cf-421f-94e5-
dbc4c98b7167

Björg Fenger



Undirritað af:
Björg Fenger
1308785049
Dags: 05.12.2020
Tími: 13:51:00
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: a5811fb5-
a6cf-421f-94e5-
dbc4c98b7167

Gunnar Einarsson




Undirritað af:
Gunnar Einarsson
2505554079
Dags: 10.12.2020
Tími: 10:25:44
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: a5811fb5-
a6cf-421f-94e5-
dbc4c98b7167

Sara Dögg Svanhildardóttir



Undirritað af:
Sara Dögg
Svanhildardóttir
2607733139
Dags: 05.12.2020
Tími: 14:39:44
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: a5811fb5-
a6cf-421f-94e5-
dbc4c98b7167

Ingvar Arnarson



Undirritað af:
Ingvar Arnarson
2406783819
Dags: 05.12.2020
Tími: 12:53:51
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: a5811fb5-
a6cf-421f-94e5-
dbc4c98b7167

Undirritunarsíða

Harpa Þorsteinsdóttir



Undirritað af:
Harpa Þorsteinsdóttir
2706862229
Dags: 06.12.2020
Tími: 10:47:06
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: a5811fb5-
a6cf-421f-94e5-
dbc4c98b7167

Bæjarráð Garðabæjar
48. (1956). fundur 2020

Þriðjudaginn 8. desember 2020 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Björg Fenger, aðalmaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Eiríkur Björn Björgvinsson, svíðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri og Hildigunnur Árnadóttir, yfirlagsráðgjafi.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2001444 - COVID-19 - hættustig almannavarna.

Bæjarstjóri fór yfir gögn frá almannavarnarnefnd en ný reglugerð um takmarkanir vegna sóttvarnaraðgerða mun taka gildi á fimmtudag. Bæjarstjóri upplýsti að hafinn er undirbúningur vegna bólusetningar og sagði frá litakóðunarkerfi sem verið er að kynna á vegum almannavarna.

Svíðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og yfirlagsráðgjafi á fjölskyldusviði gerðu grein fyrir stöðu mála á sínum svíðum.

Bæjarfulltrúi Sara Dögg Svanhildardóttir var á fundi bæjarráðs undir þessum dagskrálið.

2. 2012038 - Bréf Hagstofu Íslands varðandi manntal og húsnæðistal, dags. 27.11.20.

Bæjarráð lýsir yfir vilja til að vinna með Hagstofunni vegna öflunar upplýsinga við gerð manntals og húsnæðistals.

3. 2012065 - Ábending frá íbúa varðandi frágang á hringtorgi á móts við Bessastaði, dags. 02.12.20.

Bæjarráð þakkar ábendinguna og tekur undir sjónarmið um að bæta megi frágang á hringtorginu við Bessastaði. Bæjarráð vísar bréfinu til bæjarstjóra og felur honum að taka upp viðræður við Vegagerðina vegna málsins.

4. 2012066 - Bókun sveitarstjórnar Bláskógabyggðar vegna áforma um stofnun þjóðgarðs á miðhálendinu.

Lögð fram.

5. 2012078 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um bálstofu.

Samkvæmt deiliskipulagi fyrir Rjúpnadal sem samþykkt var í bæjarstjórn 19. nóvember 2020 er gert ráð fyrir kirkjugarði og lóð fyrir bálstofu innan skipulagsreitsins. Skipulagið hefur ekki verið staðfest með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda. Á þessu stigi hafa ekki verið teknar neinar ákvarðanir um starfsemi kirkjugarðs á svæðinu eða samningar um ráðstöfun lóðar fyrir bálstofu.

6. 2012011 - Bréf Alþingis varðandi tillögu til þingsályktunar um skákennslu í grunnskólum, 106. mál., dags. 30.11.20.

Lagt fram.

7. **2012012 - Bréf Alþingis varðandi tillögu til þingsályktunar um félagsráðgjöf í grunn- og framhaldsskóum, 113. mál., dags. 01.12.20.**
Lagt fram.

8. **2012057 - Bréf Bjarkarhlíðar um fjárframlag árið 2021, dags. 02.12.20.**
Bæjarráð vísar bréfinu til úthlutunar styrkja samkvæmt fjárhagsáætlun 2021.

9. **2011518 - Tölvupóstur SSH varðandi samþykkt stjórnar um yfirfærslu vega frá ríki til sveitarfélaga , dags. 27.11.20.**
Bæjarstjóri kynnti stöðu mála varðandi viðræður við Vegagerðina um frágang á rekstrar- og viðhaldsbáttum í tengslum við svokallaða skilavegi. Lagt fram bréf SSH til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, dags. 10.11.2020 og svar bréf ráðuneytisins, dags. 11.11.2020 varðandi málið.

10. **2012049 - Tölvupóstur frá SSH varðandi samþykkt stjórnar um kynningu á skýrslu á umferðarljósastýringum á höfuðborgarsvæðinu, dags. 02.12.20.**
Lögð fram til kynningar skýrsla um niðurstöður úttektar á umferðarljósastýringum á höfuðborgarsvæðinu.

Í úttektinni felst greining á núverandi umferðarljósakerfi og rekstri þess, mat á kostum og göllum mismunandi umferðarljósakerfa og verkferla og tillaga um hvernig þróa á umferðarljósastýringar á höfuðborgarsvæðinu.

Bæjarráð vísar skýrslunni til kynningar í skipulagsnefnd.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Í lok fundar var fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundargerðin verður send fundarmönnum í tölvupósti en undirrituð þegar bæjarfulltrúar koma saman að nýju samkvæmt hefðbundnu fundarformi.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Björg Fenger, (sign)

Ingvar Arnarson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
49. (1957). fundur 2020

Þriðjudaginn 15. desember 2020 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Björg Fenger, aðalmaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri og Hildigunnur Árnadóttir yfirlægslaráðgjafi.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2001444 - COVID-19 - neyðarstig almannavarna.

Á fund bæjarráðs kom Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almannavarna og fór almennt yfir stöðuna í baráttunni við farsóttina. Jón Viðar gerði grein fyrir undirbúningi bólusetningar á höfuðborgarsvæðinu en verkefnið er samstarfsverkefni sveitarfélaganna og heilsugæslunnar. Jón Viðar upplýsti að ákveðið hefur verið að veita ekki leyfi í ár fyrir áramótabrennu og til skoðunar er hvort unnt verði að hafa flugeldasýningar á vegum sveitarfélaganna.

Upplýst var um nýjar reglugerðir um takmarkanir á samkomum og skólastarfi sem tóku gildi í síðstu viku. Reglugerð um takmörkun á samkomum gildir til 12. janúar 2021 en reglugerð um skólastarf til 31. desember 2020.

Bæjarfulltrúarnir Sara Dögg Svanhildardóttir og Jóna Sæmundsdóttir voru á fundi bæjarráðs undir dagskráriðum 1, 2 og 8.

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri var á fundi bæjarráðs undir dagskráriðum 1, 2 og 8.

2. 1904109 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2020 - viðauki 15.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja eftirfarandi viðauka nr. 15 við fjárhagsáætlun 2020 samkvæmt 2. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Launakostnaður

Á árinu 2020 stefnir í að kostnaður vegna langtíma veikinda þ.e. veikindi starfsmanna sem vara samfellt 3 mánuði og lengur nemí um 145 m.kr. Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir 25 m.kr. á skólaskrifstofu til að mæta þessum kostnaði. Kostnaður umfram fjárhagsáætlun nemur því um 120 m.kr.

Skipting á málaflokka er eftirfarandi.

Félagsþjónustusvið	kr. 29.000.000
Fræðslumál	kr. 82.000.000
Æskulýðs- og íþróttamál	kr. 6.000.000
Eignasjóður	kr. 3.000.000
Samtals	kr. 120.000.000

Rekstrarframlag til Hrafnistu vegna Ísafoldar

Aukin framlög vegna viðaukasamnings við Hrafnistu sem samþykkt var í bæjarráði 20. október sl.

Rekstrarframlag kr. 1.400.000 02472-9990

Snjómokstur og hálkuvarnir

Ljóst er að kostnaður vegna hálkuvarna og snjómoksturs stenst ekki áætlun ársins. Staðan í nótum er þannig að kostnaður er kominn 16 millj. fram úr áætlun Lagt er því til að bæta við 35 millj. við áætlun.

Hálkuvarnir og snjómokstur	kr. 35.000.000	10610-4521
----------------------------	----------------	------------

Kostnaðarauki samtals	kr. 156.400.000
-----------------------	-----------------

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur nú endurreiknað framlög til sveitarfélaga vegna viðbótarframlags frá ríkinu til að vega upp á móti lægri framlögum til sjóðsins 2020.

Málefni fatlaðra	kr. 46.000.000	00100-0148
Framlög vegna sérþ. fatlaðs fólks	kr. 26.000.000	00100-0142
Samtals	kr. 72.000.000	

Mismunur -84.400.000 Lækkun á handbæru fé.

3. 2011058 - Maríugata 23 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Tyrfingi Sigurðssyni, kt. 281089-2509, leyfi til að byggja raðhús að Maríugötu 23.

4. 2011059 - Maríugata 25 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Tyrfingi Sigurðssyni, kt. 281089-2509, leyfi til að byggja raðhús að Maríugötu 25.

5. 2011060 - Maríugata 27 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Tyrfingi Sigurðssyni, kt. 281089-2509, leyfi til að byggja raðhús að Maríugötu 27.

6. 2011055 - Maríugata 29 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Tyrfingi Sigurðssyni, kt. 281089-2509, leyfi til að byggja raðhús að Maríugötu 29.

7. 2012137 - Bréf SSH varðandi erindi Fjöldsmiðjunnar um fjárstuðning, dags. 09.12.20.

Bæjarráð samþykkir að veita Fjöldsmiðjunni viðbótarframlag á árinu 2020 að fjárhæð kr. 150.000.

8. 2012149 - Bréf SSH varðandi málefni skíðasvæðanna, dags 08.12.20.

Á fund bæjarráð kom Páll Björgvin Guðmundsson, framkvæmdastjóri SSH og gerði grein fyrir minnisblaði verkefnahóps um uppbryggingu og rekstur á skíðasvæðunum ásamt viðauka II við samkomulag um endurnýjun á uppbryggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 7. maí 2018. Í viðaukanum koma fram breytingar á tímasetningu framkvæmda og áætluðum framkvæmdakostnaði.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja viðauka II við samkomulag um endurnýjun á uppbryggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 7. maí 2018, enda verði hann samþykktur í öllum aðildarsveitarfélögum.

9. 2012150 - Bréf SSH varðandi stafrænt ráð sveitarfélaga, dags. 09.12.20.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja þáttöku Garðabæjar í kostnaði á árinu 2021 vegna stofnunar á miðlægu tækniteymi hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Hlutur Garðabæjar er um 2,5 mkr. Samþykktin er með skilyrði um almenna þáttöku sveitarfélaga í verkefninu.

10. 2011331 - Álit samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins vegna framkvæmd fjarfunda, dags. 07.12.20.

Lagt fram álit samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins þar sem því er beint til sveitarstjórnna að viðhafa beina vefútsendingu frá fundum sveitarstjórnna sem haldnir eru með fjarfundarbúnaði.

Garðabær virðir álit ráðuneytisins og hlítir niðurstöðu þess. Það vekur hins vegar undrun að ráðuneytið hafið valið þá leið að fjalla um málið í almennu álti og boða frekari fyrirmæli vegna málsins þegar það lá fyrir þegar áltið var birt að fundur bæjarstjórnar Garðabæjar hafði verið sendur út í beinu vefstreymi.

Þá þykir rétt að benda á að samkvæmt auglýsingu ráðuneytisins varðandi heimild til að nota fjarfundarbúnað á fundum sveitarstjórnar er vikið frá tilteknum skilyrðum í 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnalaga nr. 138/2011 þar sem fjallað er um fjarfundi en ákvæðið mælir ekki fyrir um að fjarfundir skulu vera í beinu streymi á vef sveitarfélags.

11. 2009024 - Samningur um keppnislýsingu vegna samkeppni um hönnun leikskóla í Urriðaholti.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður bæjarráðs og formaður dómnefndar um samkeppni um hönnun leikskóla í Urriðaholti kynnti hugmyndir um verðlaunafé.

Bæjarráð samþykkir tillögu dómnefndar að heildarverðlaunafé verði kr. 9.000.000 án vsk. og að stefnt verði að því að veita þrenn verðlaun. Fjárhæð 1. verðlauna skal vera kr. 4.500.000 án vsk.

Bæjarráð samþykkir að auk verðlauna hafi dómnefnd heimild til að veita sérstaka viðurkenningu á keppnistillögu að fjárhæða allt að kr. 1.000.000 án vsk. Dómnefnd getur einnig veitt athyglisverðri tillögu viðurkenningu, en það er viðurkenning án peningverðlauna.

12. 2007120 - Bréf Magnúsar Kristinssonar varðandi álagningu byggingarréttargjalds af hesthúsalóð við Andvaravelli 2A, ódags.

Í bréfinu er farið fram á lækkun á gatnagerðargjöldum og byggingarréttargjaldi vegna úthlutunar á hesthúsalóð við Andvaravelli 2A.

Bæjarráð hefur ekki heimild til að lækka lögbundinn gjöld eins og gatnagerðargjöld. Álagning byggingarréttargjalds byggir á samþykkt bæjarráðs frá fundi 25. september 2018 þar sem fram kemur að álagning gjaldsins skuli nema sömu fjárhæð og gatnagerðargjald.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að skoða málið nánar og ræða við bréfritara.

13. 2011371 - Fyrirspurn Garðabæjarlistans um umbun til starfsmanna leik- og grunnskóla.

Lagt fram svar við fyrirspurn.

14. 2012025 - Tillaga Garðabæjarlistans um að Garðabær innleiði Framfaravogina, mælitæki sem mælir velsæld bæjarbúa.

Bæjarráð samþykkir að vísa til bæjarstjóra að afla upplýsinga og láta kanna kosti og galla þess að innleiða Framfaravogina sem mælir velsæld bæjarbúa og almennt að skoða heildstæða nálgun á mælingum í starfsemi bæjarins.

15. 2012162 - Fyrirspurn Garðabæjarlistans um uppfærslu rafrænna umsókna og umsóknareyðublaða sveitarfélagsins til samræmis við lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.
- Lagt fram svar við fyrirspurn.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Í lok fundar var fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundargerðin verður send fundarmönum í tölvupósti en undirrituð þegar bæjarfulltrúar koma saman að nýju samkvæmt hefðbundnu fundarformi.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Björg Fenger, (sign)

Ingvar Arnarson, (sign)

Íþrótt- og tómstundaráð Garðabæjar

25. fundur 2020

Föstudaginn 11. desember 2020 kl. 15:00 kom íþrótt- og tómstundaráð Garðabæjar saman til fundar. Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Björg Fenger aðalmaður, Þorri Geir Rúnarsson aðalmaður, Stefanía Magnúsdóttir aðalmaður, Guðrún Jónsdóttir aðalmaður, Guðjón Pétur Lýðsson aðalmaður, Kári Jónsson íþrótt-, tómstunda- og forvarnarfulltrúi og Gunnar Richardson tómstundafulltrúi.

Fundargerð ritaði: Kári Jónsson, íþrótt-, tómstunda- og forvarnarfulltrúi.

Vegna sóttvarnaráðstafana fer fundurinn fram á Teams fjarfundaforritinu.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2011287 - Íþróttahátið íþrm ársins 2020

Vegna samkomutakmarkana við 10 manns fram yfir 12. janúar 2021 verður Íþróttahátið Garðabæjar með nýju sniði. Útnefningu íþróttamanna ársins verður lýst í beinni útsendingu á vef þann 10. janúar nk.

Vefkosning verður opin almenningi til 2. janúar og gildir hún sem eitt atkvæði á móti 5 atkvæðum nefndarfólks ÍTG.

2. 1908321 - Endurnýjun forvarnarstefnu Garðabæjar

Samþykkt að setja drögin að forvarnastefnunni í upplýsingagátt bæjarins til 15. janúar nk. til kynningar og óska eftir ábendingum og sjónarmiðum íbúa. Eftir það fer stefnan til lokaafgreiðslu og staðfestingar.

3. 2012127 - Íþróttastefna Garðabæjar til endurskoðunar

Samþykkt var að hefja endurskoðun á "íþróttastefnu Garðabæjar" og ljúka því fyrir miðjan maí 2021.

4. 2011517 - Afreksíþróttastefna - endurskoðun

Samþykkt að endurskoða "afreksstefnu Garðabæjar" um leið og íþróttastefnuna. Unnið verður eftir nágildandi stefnu varðandi afreksstyrki þar til ný stefna tekur gildi næsta vor.

5. 2009552 - Úthlutun úr 19. júní sjóði

ÍTG samþykkir að hefja verkefni þvert á íþróttafélög og íþróttagreinar til þjálfunar leiðtoga og eflingar ímyndar og sýnileika afreksíþróttakvenna í Garðabæ.

Verkefninu er stjórnad af íþróttafulltrúa Garðabæjar. Kostnaðaráætlun mun liggja fyrir á fundi ÍTG í byrjun árs 2021.

Önnur mál:

a. Rætt var um að halda sameiginlegan fund ÍTG og Fjölskylduráðs í upphafi árs 2021 til að samræma forvarnir og þau brýnu mál sem uppi væru á tínum Covid 19.

b. GR rakti fundi samráðshóps sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Hann fór einnig yfir stöðu innleiðingar á Barnasáttmála SP í Garðabæ.

c. Farið var yfir stöðu Götuvaktarinnar sem er í gangi á föstudögum.

d. Stefánía spurðist fyrir um stöðuna á ráðningu leiðbeinenda í þeim heilsuræktartilboðum sem hafa verið á vegum bæjarins. Mikilvægt sé að geta byrjað strax þegar lokunum vegna Covid 19 afléttir.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Menningar- og safnanefnd Garðabæjar

26. fundur 2020

Mánudaginn 7. desember 2020 kl. 16:00 kom menningar- og safnanefnd Garðabæjar saman til fundar
Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason aðalmaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Bjarndís Lárusdóttir aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður, Ólöf Hulda Breiðfjörð menningarfulltrúi og Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs.

Fundargerð ritaði: Ólöf Breiðfjörð, menningarfulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2010050 - Fjárhagsáætlun 2021.

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri Garðabæjar, greindi frá helstu niðurstöðum fjárhagsáætlunar 2021 sem samþykkt var á síðasta fundi bæjarstjórnar 3. desember 2020. Fjármálastjóri útskýrði sérstaklega þann þátt áætlunarinnar sem snýr að menningarmálum.

Gestir

Lúðvík Hjalti Jónsson - 16:00

2. 2012071 - Innleiðing sameiginlegs útlánakerfis bókasafna

Margrét Sigurgeirs Þórssdóttir, forstöðumaður Bókasafns Garðabæjar, kynnti hugmyndir um sameiginlegt bókasafnsskírteini fyrir allt höfuðborgarsvæðið. Kópavogur, Hafnarfjörður og Garðabæ hafa verið með sameiginlegt kerfi en nú er lagt upp með að gestir á öllu höfuðborgarsvæðinu geti notað sama skírteinið. Menningar- og safnanefnd leggur til við bæjarráð að Garðabær verði þátttakandi í að taka upp nýtt sameiginlegt bókasafnsskírteini fyrir allt höfuðborgarsvæðið enda hafi það ekki aukinn kostnað í för með sér fyrir sveitarfélagið.

Margrét greindi auk þess frá framkvæmdum á bókasafninu sem hófust í desember en þessi breyting mun skila bókasafninu nokkrum tugum fermetra í aukið húsnæði sem mun nýtast í minni viðburði og bæta aðstöðu gesta.

Gestir

Margrét Sigurgeirs Þórssdóttir - 16:20

3. 2012079 - Endurskoðun menningarstefnu

Rætt um endurskoðun menningarstefnu Garðabæjar sem er frá árinu 2005 og innleiðingu rafrænnar menningar. Menningar- og safnanefnd leggur til við bæjarráð að hafin verði vinna við endurskoðun nágildandi menningarstefnu bæjarins, m.a. með heimsmarkið Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi og með tilliti til stafrænnar þróunar sem orðið hefur frá því stefnan var sett.

4. 2012073 - Kvennakór Garðabæjar, endurnýjun samnings

Rætt um endurnýjun samstarfssamnings Garðabæjar og Kvennakórs Garðabæjar. Menningarfulltrúi, Ólöf Breiðfjörð, skýrði frá því að í gangi séu viðræður við Kennakórinn um nýjan samning sem borinn verður undir bæjarráð til afgreiðslu þegar hann verður tilbúinn.

5. 2012072 - Gróska, endurnýjun samnings

Formaður og menningarfulltrúi munu í næstu viku funda með forsvarsfólki Gróska um endurnýjun samstarfssamnings bæjarins og félagsins.

6. 2010503 - Rafrænir menningarviðburðir - Menning í Garðabæ

Menningarfulltrúi greindi frá lokabætti Menningar í Garðabæ á þessu ári og hugsanlegu framhaldi af upptökum á rafrænu efni á næsta ári.

7. 2011101 - Styrkbeiðni vegna tónleika í Garðakirkju í desember 2020

Fyrir fundinum ná umsókn, dags. 2.11.2020 frá tónlistarhópnum Camerarctica, um styrk vegna tónleika eða streymis frá Garðakirkju á Mozart við kertaljós.

Menningar- og safnanefnd samþykkir umsóknina og tekur jákvætt í þá tillögu menningarfulltrúa að upptaka af tónleikunum verður notuð á næsta ári sem hluti af þætti um Hallfríði Ólafsdóttur, stofnanda Camerarctica og fyrrum bæjarlistamann Garðabæjar, sem liður í rafrænni Menningu í Garðabæ.

8. 2010505 - Vetrarhátíð 2021

Áframhaldandi umræður frá síðasta fundi. M.a. rætt um samstarf við forsetaskrifstofuna um Bessastaði á Safnanótt og vörpun á listaverki á Garðatorgi.

9. 2008671 - Önnur mál menningarmála

a)Héraðsskjalavörður Kópavogs hafði samband við menningarfulltrúa vegna málefna skjalavörslu Garðabæjar. Skjalavarsla rædd almennt.

b)Rætt um að menningardagskrá vegna vígslu fjölnota íþróttahús verði á dagskrá næsta fundar.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

**Skólanefnd grunnskóla Garðabæjar
25. fundur 2020**

Mánudaginn 30. nóvember 2020 kl. 16:00 kom skólanefnd grunnskóla Garðabæjar saman til fundar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir aðalmaður, Jóhann Steinar Ingimundarson aðalmaður, Lilja Hrund Ava Lúðvíksdóttir aðalmaður, Sturla D Þorsteinsson aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir aðalmaður, Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs og Edda Björg Sigurðardóttir grunn- og tónlistarskólafulltrúi.

Fundargerð ritaði: Edda Björg Sigurðardóttir, grunn- og tónlistarskólafulltrúi Garðabæjar.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1905165 - Samskiptavandi nemanda

Rætt var um samskiptamál í grunnskóla. Nánar bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundarins.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Skólanefnd grunnskóla Garðabæjar
26. fundur 2020

Fimmtudaginn 10. desember 2020 kl. 08:15 kom skólanefnd grunnskóla Garðabæjar saman til fundar
Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir aðalmaður, Jóhann Steinar Ingimundarson aðalmaður, Sturla D Þorsteinsson aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir aðalmaður, Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Erna Ingibjörg Pálsdóttir fulltrúi skólastjóra, Silja Kristjánsdóttir fulltrúi kennara, Hjörtur Jónsson fulltrúi foreldra og Edda Björg Sigurðardóttir grunn- og tónlistarskólafulltrúi.

Fundargerð ritaði: Sigríður Hulda Jónsdóttir, formaður skólanefndar grunnskóla Garðabæjar.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2010052 - Kórónaveira-COVID 19

Farið yfir stöðuna og fyrirkomulag í grunnskólum Garðabæjar eftir að reglugerð um takmörkun á skólastarfi tók gildi 10. desember 2020. Skólanefnd þakkar skólaþólk fyrir eljusemi, lausnarmiðuð og vel unnin störf.

2. 2012042 - Skólastefna Garðabæjar 2020

Formaður fór yfir hugmyndir að áherslum varðandi endurskoðun núverandi skólastefnu Garðabæjar og mikilvægi þess að stefnan verði unnin faglega og lýðræðislega með aðkomu skólanefndar grunnskóla, leikskólanefndar, skólanefndar Tónlistarskóla Garðabæjar auk starfsmanna á fræðslu- og menningarsviði. Þá verða hagsmunu- og fagaðilar leik-, grunn- og tónlistarskóla boðaðir til samtals við vinnslu stefnunnar. Þá ræddi formaður um að tengja vinnuna við fyrirliggjandi áherslur og stefnur á sviðinu auk þess að tryggja hagnýtt gildi stefnunnar. Áætlað er að endurskoðun skólastefnu Garðabæjar, ljúki við lok árs 2021.

3. 2012039 - Samskiptaáætlunar og forvarnir

Farið yfir stöðuna varðandi vinnu við endurskoðun eineltis- og forvarnaráætlunar. Sagt frá fræðslu sem fyrirhuguð er fyrir skólasamfélagið.

4. 2012040 - Ytra mat - Álftanesskóli

Lagt fram til kynningar.

5. 2012041 - Kynning og samtal við stjórnendur Álftanesskóla

Skólanefnd þakkar skólastjórnendum Álftanesskóla fyrir kynninga og lýsir ánægju með að kynnast skólanum og skólastarfinu með þessum hætti.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Skólanefnd tónlistarskóla Garðabæjar

4. fundur 2020

Fimmtudaginn 3. desember 2020 kl. 08:00 kom skólanefnd tónlistarskóla Garðabæjar saman til fundar
Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Eiríkur Þorbjörnsson, Einar Örn Magnússon, Sigrún Gísladóttir, Sólveig Guðrún Geirsdóttir, Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir, Laufey Ólafsdóttir skólastjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs og Edda Björg Sigurðardóttir deildarstjóri skóladeilda.

Fundargerð ritaði: Laufey Ólafsdóttir, skólastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2009417 - Skólastarf Tónlistarskólana í þriðju bylgju Covid-19.

Skólastjóri fór yfir skólastarfið sl. vikur. Allir nemendur fengu einkakennslu, þ.e. hljóðfæra- og söngtíma. Hljómsveitarstarf og samspil féll niður en kennsla tónfræðigreina fór fram í fjarkennslu. Við gátum svo hafið allt hópastarf aftur 20. nóvember sl.

2. 2009417 - Tónleikahald á vegum skólans í desember.

Skólastjóri fór yfir með hvaða hætti tónleikar fara fram í desembermánuði. Tónleikum verður streymt eða þeir teknir upp og sendir til foreldra/forráðamanna þar sem þeir geta ekki verið á tónleikum vegna sóttvarnarreglna í tengslum við covid-19. Haldnir verðar 34 tónleikar/tónfundir í skólanum fyrir jól.

3. 2009417 - Fjárhagsáætlun - staða

Farið yfir framlagða fjárhagsáætlun skólans fyrir 2021. Skólastjóri kynnti fjárhagsstöðu skólans og fór yfir áherslur í fjárhagsáætlun 2021. Sólveig lagði fram fyrirspurn um biðlista í skólanum. Skólastjóri svaraði að það væru um 200 á biðlista. Sveinbjörg og Sólveig óska eftir að sett verði fjármagn í að laga aðstöðu tónlistarskólans á Álfstanesi og að húsnæði skólans í Kirkjulundi verði stækkað þá styðja þær að skólinn fái aukin stöðugildi. Nefndin tekur undir þær óskir.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

331. fundur

Föstudaginn 20. nóvember 2020 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. Fundurinn sem var fjarfundur hófst kl. 11:00.

Mætt voru:

Hjálmar Sveinsson (HS) , Karen Halldórsdóttir (KH), Ásgeir Sveinsson (ÁS) og Helga Ingólfssdóttir (HI), öll í fjarfundi.

Fjarverandi voru Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ) og Gunnar Valur Gíslason (GVG), bæði vegna tengingarörðugleika.

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð og Sigríður Harðardóttir, sviðsstjóri mannaúðs- og gæðasviðs.

Dagskrá fundar:

1. Drög að starfsáætlun 2021.
2. Útboð á leigubílaakstri í akstursþjónustu fyrir fatlað fólk.
3. Samningur við FARA AS vegna tafa.
4. Samningur við Vegagerðina vegna landsbyggðarvagna.
5. Önnur mál.
 - a. Fyrirspurn frá Flokki fólksins í Reykjavík.
 - b. Markaðsátask vegna leiðar 19 í Hafnarfirði.
 - c. Þemavagn í jólamánuðinum.

Tekið fyrir:

-
1. Drög að starfsáætlun 2021.

Lögð voru fram drög að starfsáætlun fyrir árið 2021.

-
2. Útboð á leigubílaakstri í akstursþjónustu fyrir fatlað fólk.

Fyrir fundinum lágu lokaútgáfa á útboðsgögnum fyrir leigubílaakstri í akstursþjónustu fyrir fatlað fólk ásamt minnisblaði frá Erlendi Pálssyni sviðsstjóra Pant.

Gögnin verða send til borgar- og bæjarstjóra Reykjavíkur, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnes til samþykkis. Í framhaldi af því tekur stjórn Strætó málið til afgreiðslu.

Stjórn óskar eftir minnisblaði frá framkvæmdastjóra Strætó um stjórnsýslu vegna verkefnis um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk og fötluð skólabörn.

-
3. Samningur við FARA AS vegna tafa.

Fyrir fundinum lágu fyrir drög að samkomulagi við FARA AS vegna vegna tafa á afhendingu rafræns greiðslukerfis og rekja má til FARA AS.

Stjórn samþykkir að heimila framkvæmdastjóra að ganga frá samkomulagi við FARA AS á grundvelli þeirra.

4. Samningur við Vegagerðina vegna landsbyggðarvagna.

Framkvæmdastjóri Strætó fór yfir drög að þjónustusamningi við Vegagerðina um skipulag og framkvæmd almenningssamgangna á landsbyggðinni. Þjónustusamningurinn byggir á grunni samnings sem var í gildi milli Strætó og landshlutasantaka sveitarfélaga (samtök sveitarfélaga á Suðurlandi, samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum, Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi og Eyþing) sem áður sáu um þessa þjónustu.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að ganga frá þjónustusamningi við Vegagerðina á grundvelli fyrirliggjandi draga.

5. Önnur mál

- a) Fyrirspurn, dags. 12.11.2020, frá Flokki fólksins í Reykjavík varðandi endurmenntun atvinnubílstjóra hjá Strætó. Stjórn fól framkvæmdastjóra að svara fyrirspurninni.
- b) Markaðsátask vegna kynningar á nýrri leið 19 í Hafnarfirði. Markaðs- og söludeild Strætó vinni í samráði við fulltrúa Hafnarfjarðar kynningu á leið 19.
- c) Framkvæmdastjóri kynnti hugmynd að þemavagni í jólamánuðinum.

Fundi slitið kl. 11:25.

Fylgiskjöl:

Hjálmar Sveinsson

Karen Halldórsdóttir

Helga Ingólfssdóttir

Ásgeir Sveinsson

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2020, föstudaginn 6. nóvember haldinn 386. fundur Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn með fjarfundabúnaði og hófst kl. 09:00.

Mættir: Diljá Ámundadóttir Zoega Reykjavík, Rúnar Bragi Guðlaugsson Mosfellsbæ, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi, Kristín María Thoroddsen Hafnarfirði, Halla Karí Hjaltested Kópavogi og Björg Fenger Garðabæ.

Jafnframt: Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning verkefnahóps um uppbyggingu og rekstur á skíðasvæðum á niðurstöðum útboða og hugmyndir um næstu skref.
 - kl. 09:15 kom Ómar Einarsson á fundinn.

Fundi slitið kl. 09:50.

Diljá Ámundadóttir

Halla Karí Hjaltested
Rúnar Bragi Guðlaugsson
Kristín María Thoroddsen

Magnús Örn Guðmundsson
Björg Fenger

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2020, miðvikudaginn 2. desember haldinn 387. fundur Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn með fjarfundabúnaði og hófst kl. 08:34.

Mættir: Diljá Ámundadóttir Zoega Reykjavík, Rúnar Bragi Guðlaugsson Mosfellsbæ, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi, Kristín María Thoroddsen Hafnarfirði, Halla Karí Hjaltested Kópavogi og Björg Fenger Garðabæ.

Jafnframt: Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna, Ómar Einarsson sviðsstjóri ÍTR, Andrés B. Andreasen fjármálastjóri og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Rætt um útboðsmál á skíðasvæðunum varðandi skíðalyftur og snjógerð.
2. Lagt fram bréf skíðagöngufélagsins Ullar dags. 10. nóvember 2020 varðandi bráðabirgðaaðstöðu í Bláfjöllum.
Vísað til formanns, framkvæmdastjóra og sviðsstjóra ÍTR.
3. Lagt fram bréf Einars Ólafssonar dags. 18. nóvember 2020 varðandi æfingar- og keppni í skíðaskotfimi.
Tekið er jákvætt í erindið af hálfu samstarfsnefndarinnar að uppfylltum öllum tilskyldum leyfum og öryggiskröfum. Erindið komi síðan aftur fyrir samstarfsnefndina.
4. Lagt fram 10. mánaða rekstraruppgjör skíðasvæðanna.
5. Rætt um nýja heimasiðu skíðasvæðanna og merkingar á skíðasvæðum.
Heimasíðan og nýtt merki skíðasvæðanna samþykkt.
6. Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna í fjöllunum. Ráðningar ganga vel. Óvissa varðandi opnum vegna Covid.

Fundi slitið kl. 09:58.

Diljá Ámundadóttir

Halla Karí Hjaltested
Rúnar Bragi Guðlaugsson
Kristín María Thoroddsen

Magnús Örn Guðmundsson
Björg Fenger



FUNDARGERÐ STJÓRNAR

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, fimmtudaginn 12. nóvember 2020. Fundurinn er settur klukkan 14:15. Fundurinn er fjarfundur á Teams.

Fundarstjóri: Líf Magneudóttir stjórnarformaður, fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Mætt: Birkir Jón Jónsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir og Líf Magneudóttir. Helgi Þór Ingason framkvæmdastjóri, Guðrún Eva Jóhannesdóttir fjármálastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, sérfræðingur í samskiptum og samfélagsvirkni.

Gestur á fundinum er Haraldur Flosi Tryggvason lögmaður og ráðgjafi stjórnar & framkvæmdastjóra.

Tekið fyrir:

1. Staða og horfur í rekstri og fjárfestingum

Framkvæmda- og fjármálastjóri gera grein fyrir nú mánaða rekstraruppgöri SORPU. Uppgörið rætt.

2. Minnisblað um umframkostnað í MTFS og GAJA

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir minnisblaði um umframkostnað í móttöku- og flokkunarstöð og GAJU, eftir að lokaúttektum beggja verkefna er lokið. Minnisblaðið rætt.

3. Athugasemdir við breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir fyrirhuguðum athugasemnum SORPU við breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkurborgar en þær lúta einkum að fyrirhuguðum breytingum í næsta nágrenni móttöku- og flokkunarstöðvar í Gufunesi. Athugasemdirnar ræddar.

4. Minnisblað um stöðu í plastmálum

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir minnisblaði átakshóps SORPU um plast. Minnisblaðið rætt.

5. Jafnréttisáætlun

Framkvæmdastjóri leggur fram gildandi jafnréttisáætlun en hún skal endurskoðast 1. febrúar 2021. Stjórn samþykkir koma að endurskoðun jafnréttisáætlunar í byrjun árs 2021.

6. Staðan varðandi Ymir technologies

Haraldur Flosi Tryggvason gerir grein fyrir stöðu mála SORPU gagnvart Ými technologies. Staðan rædd.

7. Sláturúgangsvinnslu í GAJA

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir minnisblaði um sláturúgangsvinnslu í GAJU eftir lokun Gýmis í Álfnesi. Minnisblaðið rætt og framkvæmdastjóra veitt umboð til að ræða framhald málsins við haghafa.

8. Mótun áhættustefnu

Stjórn óskar eftir því við framkvæmdastjóra að hann gangist fyrir mótnum áhættustefnu sem lögð yrði fyrir stjórnarfund til umræðu og samþykktar svo fljótt sem auðið er.



SORPA

9. Önnur mál

Grein gerð fyrir breytingum á reglum Úrvinnslusjóðs um endurgjald, sem kalla á breytingar á gjaldskrá samlagsins. Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna minnisblað um uppfærslu á gjaldskrá SORPU.

Gerð grein fyrir stöðunni og næstu skrefum í ráðningarfari framkvæmdastjóra SORPU.

Framkvæmdastjóri leggur fram áætlun um viðbrögð við athugasemdum er fram komu í úttekt innri endurskoðunar samlagsins vegna ársins 2019.

Framkvæmdastjóri upplýsir stjórn um þróunarsamning um sölu á nokkru magni af metani til iðnaðarnota – gert er ráð fyrir að hann verði undirritaður á næstunni.

10. Næsti fundur

Næsti fundur er ákveðinn föstudaginn 20. nóvember 2020 klukkan 08:00.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 15:07.

Fullgild rafrafn undirskrift

BIRKIR JÓN JÓNSSON
Kennitala: 240779-5269
2020-11-27 12:15:10 GMT
Ástaða: Undirskrift

Fullgild rafrafn undirskrift

LÍF MAGNEUDÓTTIR
Kennitala: 130874-6069
2020-11-27 08:14:49 GMT
Ástaða: Undirskrift

Fullgild rafrafn undirskrift

JÓNA SÆMUNDSDÓTTIR
Kennitala: 190358-2169
2020-11-27 08:33:36 GMT
Ástaða: Undirskrift

Fullgild rafrafn undirskrift

BJARNI TORFI ÁLFÞÓRSSON
Kennitala: 080560-3709
2020-11-27 09:07:00 GMT
Ástaða: Undirskrift

Fullgild rafrafn undirskrift

KOLBRÚN G ÞÓRSTEINSDÓTTIR
Kennitala: 190867-5369
2020-11-27 09:23:42 GMT
Ástaða: Undirskrift



FUNDARGERÐ STJÓRNAR

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, föstudaginn 20. nóvember 2020. Fundurinn er settur klukkan 14:01. Fundurinn er fjarfundur á Teams.

Fundarstjóri: Líf Magneudóttir stjórnarformaður, fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Mætt: Ágúst Bjarni Garðarsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Hjördís Ýr Johnson í forföllum Birkis Jóns Jónssonar, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir og Líf Magneudóttir. Helgi Þór Ingason framkvæmdastjóri, Guðrún Eva Jóhannesdóttir fjármálastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, sérfræðingur í samskiptum og samfélagsvirkni.

Gestir á fundinum eru Kristín Soffía Jónsdóttir borgarfulltrúi, Haraldur Flosi Tryggvason lögmaður, ráðgjafi stjórnar og framkvæmdastjóra, og Páll Guðjónsson verkefnastjóri.

Páll Guðjónsson situr fundinn undir liðum 1 og 2.

Kristín Soffía Jónsdóttir situr fundinn undir lið 4.

Tekið fyrir

1. Staða og horfur í rekstri og fjárfestingum

Frestað til næsta fundar.

2. Minnisblað um útfærslu á eigendasamkomulaginu varðandi urðun í Álfnesi.

Framkvæmdastjóri og Páll Guðjónsson gera grein fyrir minnisblaði um nánari útfærslu á eigendasamkomulagi varðandi urðin í Álfnesi. Minnisblaðið rætt og eftirfarandi bókað:

„Í forsendublaði eigendafundar SORPU hinn 12.10.2020 var eftirfarandi samþykkt vegna urðunar í Álfnesi:

„Áfram skal byggt á því að urðun skuli hætt á urðunarstað í Álfnesi á árinu 2023 eins og eigendur komu sér saman um með viðauka við eigendasamkomulag SORPU bs., dags. 6. júlí 2020. Framkvæmd skal þó breytt frá því sem fyrirhugað var, þannig að allur brennanlegur úrgangur sem til fellur hjá SORPU bs. verði urðaður í Álfnesi árið 2021 en þar á móti verði heimildir til urðunar á brennanlegum úrgangi árin 2022 og 2023 lækkaðar, þannig að ekki verði aukning á urðun brennanlegs úrgangs á tímabilinu 2021-2023. Samhliða verði enn frekari áhersla sett á hraðan yfirborðsfrágang á urðun í rein 20 og beitt öllum aðferðum við að draga úr urðun sem valdið getur óþægindum fyrir nærliggjandi byggðir.“

Í ofangreindri samþykkt er ekki kveðið á um heildarmagn urðunar á brennanlegum úrgangi sem flyst á milli ára m.v. ákvæði í viðauka frá 6. júlí 2020 við eigendasamkomulag SORPU frá 25. október 2013. Í ljósi þess samþykkir stjórn SORPU að útfærsla á tilfærslu á urðun á brennanlegum úrgangi á milli ára í ofangreindri samþykkt eigendavettvangsins verði sem eins og fram kemur í neðangreindum töflum:

MEDHÖNDLUN ÚRGANGS 2021-2023, MEGINFLOKKAR

Núverandi aðgerðaáætlun og eigendasamkomulag

	2021	2022	2023	Samtals tímabilið
Lífrænn úrgangur	6,000	0	0	6,000
brennanlegur úrgangur	31,000	31,000	31,000	93,000



óvirkur úrgangur	18,000	18,000	18,000	54,000
ÁLFSNES, URÐUN ALLS	55,000	49,000	49,000	153,000
Lífrænt, meðh. GAJA	30,000	36,000	39,000	105,000
Áætlaður útfutningur	22,000	22,000	22,000	66,000
SAMTALS HEILD	107,000	107,000	110,000	324,000

MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS 2021-2023, MEGINFLOKKAR

Útfutningi frestað um eitt ár, magn í urðun innan eigendasamkomulags - tilfærsla á brennanlegu innan tímabils

	2021	2022	2023	Samtals tímabilið
Lífrænn úrgangur	6,000	0	0	6,000
brennanlegur úrgangur	53,000	20,000	20,000	93,000
óvirkur úrgangur	18,000	18,000	18,000	54,000
ÁLFSNES, URÐUN ALLS	77,000	38,000	38,000	153,000
Lífrænt, meðh. GAJA	30,000	36,000	39,000	105,000
Áætlaður útfutningur	0	33,000	33,000	66,000
SAMTALS HEILD	107,000	107,000	110,000	324,000

Í þessu felst að ekki verður vikið frá ákvæðum viðaukans um heildarmagn urðunar í Álfnesi á tímabilinu 2021 - 2023."

3. Minnisblað um gjaldskrárbreytingar í kjölfar breytinga hjá Úrvinnslusjóði.

Fjármálastjóri gerir grein fyrir minnisblaði um gjaldskrár endurvinnsluefna í kjölfar breytinga hjá Úrvinnslusjóði. Minnisblaðið rætt og stjórni samþykkir einróma að breyta gjaldskrám í samræmi við minnisblaðið. Breytingarnar taka þegar gildi.

4. Kynning á Græna viðskiptahraðlinum

Kristín Soffía Jónsdóttir kynnir Græna viðskiptahraðalinn.

Stjórn SORPU bs. lýsir yfir vilja til þátttöku í hraðlinum með markvissum og öflugum hætti svo verkefni á sviðum úrgangsminkunar, endurvinnslu- og nýtingar og til að stemma stigu við loftslagsbreytingum af mannavöldum nái fram að ganga. Það er von stjórnar að sú sérþekking sem starfsfólk SORPU bs. býr yfir nýtist á jákvæðan og uppbyggilegan hátt í framtíðar nýsköpunarverkefnum Græna viðskiptahraðalsins.

5. Önnur mál

Framkvæmdastjóri vék stuttlega að samstarfinu við Ýmir technologies.

6. Næsti fundur

Formaður boðar næsta fund samkvæmt starfsáætlun stjórnar.

Fleira var ekki gert og fundi slitið klukkan 15:04.

Fullgild ráfræn undirskrift

LÍF MAGNEUDÓTTIR
Kennitala: 130874-6069
2020-12-01 18:33:59 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild ráfræn undirskrift

HJÖRDÍS ÝR JOHNSON
Kennitala: 181269-5519
2020-12-01 17:49:39 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild ráfræn undirskrift

ÁGÚST BJARNI GARDARSSON
Kennitala: 200987-2539
2020-12-01 18:36:53 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild ráfræn undirskrift

BJARNI TORFI ÁLFÞÓRSSON
Kennitala: 080560-3709
2020-12-01 17:55:57 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild ráfræn undirskrift

KOLBRÚN G ÞORSTEINSDÓTTIR
Kennitala: 190867-5369
2020-12-01 18:28:22 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild ráfræn undirskrift

JÓNA SÆMUNDSDÓTTIR
Kennitala: 190358-2169
2020-12-01 18:29:13 GMT
Ástæða: Undirskrift

Grænn viðskiptahraðall

Móttakandi

Sorpa BS

Sendandi

Kristín Soffía Jónsdóttir, formaður stýrihóps Græns viðskiptahraðals
Icelandic Startups (Klak Innovit ehf.), hér eftir „IS“

Tilurð

Grænn viðskiptahraðall er samstarfsverkefni Þróunarfélaganna á Breiðinni og Grundartanga. Þróunarfélögin eru stofnendur hraðalsins og Kristín Soffía Jósndóttir er þeirra fulltrúi og leiðir stýrihóp verkefnisins.

Markmið

Til þess að uppfylla loftlagsmarkmið Parísarsáttmálans þarf átak. Brýnt er að finna lausnir sem hraða orkuskiptum á öllum sviðum atvinnulífsins, draga úr útblæstri og þroa nýja tækni og ferla til að draga úr losun hvar sem hún verður.

Ísland hefur skýrt forskot með framboði af endurnýjanlegri orku og einstakt tækifæri til að skipa sér í forystu á alþjóðavísu í umhverfismálum. Með því að efla stuðning við sjálfbæra nýsköpun og þróun nýrra lausna á sviði umhverfis- og loftslagsmála má jafnframt stuðla að auknu útflutningsverðmæti sem byggir á hugviti. Markmið verkefnisins er að á Íslandi rísi stór og stöndug fyrirtæki sem byggja á hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins, skapi störf og skili árangri í umhverfismálum

Nýjum viðskiptahraðli er ætlað að draga fram, efla og styðja nýja tækni og aðferðir sem raunverulega leysa aðsteðjandi úrlausnarefnini í umhverfismálum með það fyrir augum að þátttakendur verði í lok hraðals í stakk búin til að kynna verkefni sín fyrir fjárfestum og sækja styrki í Innovation Fund, Evrópusjóð sem styður verkefni sem draga úr losun.

Viðskiptahraðallinn byggir á alþjóðlegri fyrirmynnd og býður upp á metnaðarfullan vettvang til vörupróunar og góðan undirbúning fyrir fjármögnun. Þungamiðjan í hraðlinum felst í skipulöögum fundum þátttakenda með reyndum frumkvöðlum, fjárfestum og öðrum sérfræðingum. Um er að ræða sannreynt ferli þar sem allt að tíu

sprotaverkefnum er veittur aðgangur að breiðu tengslaneti leiðbeinenda úr atvinnulífinu og markvissri þjálfun sem miðar að því að koma vöru á markað.

Umsjón með hraðlinum er í höndum Icelandic Startups sem hefur til fjölda ára veitt aðstoð við þróun viðskiptahugmynda og leitt saman hóp hagaðila með verðmætasköpun að leiðarljósi.

Óskað er eftir öflugum teymum með hugmyndir sem byggja á hringrásarhagkerfinu og styðja við forystu Íslands í umhverfis og loftslagsmálum. Hraðallinn á jafnt við sjálfstæð teymi og þau sem starfa innan rótgrónari fyrirtækja.

Stýrihópur

Fulltrúar bakhjarla mynda stýrihóp verkefnisins. Á þeim vettvangi eru ræddar faglegar áherslur verkefnisins og línur lagðar fyrir framkvæmd hraðalsins undir stjórn Icelandic Startups.

Stýrihópur verkefnisins tekur þátt í yfirferð umsókna og vali á þeim viðskiptahugmyndum sem býðst þátttaka í hraðlinum og tilnefnir aðra sérfræðinga sem óskað verður eftir að taki þátt í þeirri vinnu.

Stýrihópur tilnefnir jafnframt leiðbeinendur úr atvinnulífinu og aðra sérfræðinga í mentorhóp verkefnisins.

Icelandic Startups hefur umsjón með störfum stýrihóps.

Hlutverk og ábyrgð Icelandic Startups

Icelandic Startups skuldbindur sig til að hafa umsjón með undirbúningi, framkvæmd og eftirfylgni verkefnisins eins og nánar er útlistað hér fyrir neðan.

Aðsetur verkefnisins verður í frumkvöðlastetri Icelandic Startups í Grósku.

Undirbúningur

- a) Umsjón með störfum stýrihóps
- b) Setja upp vefsíðu fyrir verkefnið
- c) Útbúa umsóknarform og setja upp umsóknarkerfi
- d) Markaðssetning og kynningarstarf sem miðar að því að vekja almenna athygli á verkefnum og kveikja áhuga markhópsins sem skilgreindur verður nánar af stýrihópi

- e) Hönnun og útfærsla markaðsefnis
- f) Umsjón og skipulag kynningarviðburðar
- g) Umsjón og skipulag með stefnumóti hugmynda og færni í aðdraganda hraðalsins
- h) Samskipti við bakhjarla og aðra hagaðila
- i) Umsjón með yfirferð umsókna, viðtolum og vali á allt að tíu teymum til þáttöku, tengir inn í það ferli viðeigandi sérfræðinga sem tilnefndir eru af stýrihópi
- j) Tryggja til þáttöku úrval leiðbeinenda í atvinnulífinu í samstarfi við stýrihóp
- k) Setja upp metnaðarfulla dagskrá sem miðar að því að hraða vaxtarferli fyrirtækjanna sem taka þátt og undirbúa þau fyrir fjárfestakynningu og styrkumsókn í Innovation Fund
- l) Annað sem kann að skipta máli í aðdraganda verkefnisins

Rekstur

- a) Útvega vinnuaðstöðu fyrir þátttakendur meðan á verkefninu stendur og sjá um daglegan rekstur þess þannig að starfsaðstæður séu til fyrirmynnar
- b) Daglegur rekstur viðskiptahraðalsins, m.a. bókhald og greiðsla reikninga
- c) Fylgja eftir metnaðarfullri dagskrá
- d) Regluleg samskipti við stýrihóp um framvindu verkefnisins
- e) Vikulegir stöðufundir með hverju teymi
- f) Skipulag og bókun mentorfunda þar sem þátttakendur eru paraðir saman við leiðbeinendur úr atvinnulífinu
- g) Sjá um að skipuleggja viðburði í tengslum við verkefnið meðan á því stendur
- h) Markaðs- og kynningarstarf meðan á verkefninu stendur, þ.m.t. rekstur vefsíðu, reglulegar fréttir og umfjöllun um þátttakendur
- i) Deila með bakhjörlum og öðrum samstarfsaðilum markaðsefni sem þau geta deilt á eigin miðlum
- j) Undirbúa lokadag verkefnisins, fjárfestaþing, þar sem teymin kynna hugmyndir sínar og boða þangað fjárfesta, aðstandendur verkefnisins og mögulega viðskiptavini eða samstarfsaðila þátttakenda

Eftirvinnsla

- a) Framkvæmd ánægjukönnunar meðal þátttakenda
- b) Samantekt sem inniheldur helstu niðurstöður verkefnisins
- c) Hitta þátttakendur að hálfu ári liðnu til að fylgja eftir stuðningi við viðskiptahugmyndir þeirra

Hlutverk og ábyrgð Sorpu

Sorpa tilnefnir fulltrúa á sínum vegum í stýrihóp verkefnisins. Viðkomandi verða jafnframt tengiliðir verkefnastjóra hraðalsins við Sorpu og miðlar áfram upplýsingum um framvindu verkefnisins til stjórnar.

Gert er ráð fyrir að vinnuframlag vegna setu í stýrihópi sé um 10 - 15 klst samanlagt á tímabilinu. Ekki er greitt fyrir setu í stýrihópi.

Auk þess býðst Sorpu að skipa fulltrúa í faghópa um sérstaka anga verkefnisins sem dæmi efnisendurvinnslu og kortlagningu Evrópustyrkja.

Frekari upplýsingar

Ef óskað er eftir frekari upplýsingum eða kynningu á verkefninu er hægt að hafa samband við Kristínu Soffíu Jónsdóttur, formann stýrihóps Græns viðskiptahraðals kristin.soffia.jonsdottir@reykjavik.is / s:822 2981 eða Salóme Guðmundsdóttur, framkvæmdastjóra Icelandic Startups salome@icelandicstartups.is / s: 869 80001



Stjórn SSH 515. fundur

Mánudaginn 30. nóvember 2020, kl. 12:00, kom stjórn SSH saman til fundar með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Árman Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Haraldur Sverrisson, Karl Magnús Kristjánsson, Rósa Guðbjartsdóttir stjórnarmenn í SSH, Gunnar Einarsson formaður stjórnar og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Málefni skíðasvæðanna / málsnr. 1501005

Áframhaldandi umræða frá 511. fundi um stöðu mála og næstu skref en spurningar til tilboðsgjafa hafa verið sendar út og svör við þeim greind. Gestir fundarins undir þessum lið eru Björg Fenger fulltrúi í samstarfsnefnd Skíðasvæðanna, Magnús Árnason framkvæmdastjóri Skíðasvæðanna og Ómar Einarsson sviðsstjóri ÍTR. Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH kynnir minnisblað verkefnahóps um uppbyggingu í Skíðasvæðunum um hugsanleg næstu skref.

Niðurstaða fundar:

Kynning fer fram í Skíðaneftir sveitarfélaganna hinn 2. desember nk. Verkefnahópur um uppbyggingu á Skíðasvæðunum leggur frekari tillögur um framvindu þessa verkefnis, ásamt nánari upplýsingum um ferlið, fyrir næsta fund stjórnar SSH hinn 7. desember nk. Í framhaldi af því verði tillögurnar sendar sveitarfélögum.

2. Skilavegir – yfirsærla vega til sveitarfélaga / málsnr. 1910012

Framhald umræðu frá fyrra fundum. Á 514. fundi stjórnar hinn 23. nóvember 2020 var ákveðið að halda kynningarfund um stöðu mála fyrir bæjar- og borgarfulltrúa og þingmenn höfuðborgarsvæðisins.. Gestur fundarins undir þessum lið er Birgir Björn Sigurjónsson. Páll Björgvin Guðmundsson kynnir stöðu viðræðna um yfirsærlu skilavega.

Niðurstaða fundar:

Umræddur fundur verði haldinn föstudaginn 4. desember kl 8:00 þar sem viðræður, staða þeirra og afstaða sveitarfélaga verði kynnt fyrir þáttakendum.

3. Undirbúnингur Borgarlínu / málsnr. 1903002

Umræður um kynningu á frumdrögum fyrstu lotu Borgarlínu.. Fundargerðir framkvæmdastjórnar Verkefnastofu Borgarlínu lagðar fram til kynningar. Gestur fundarins undir þessum lið er



Hrafnkell Á Proppé, verkefnastjóri Borgarlinu. Útgáfa er áætluð um miðjan desember og í kjölfarið fari fram viðtækur kynningar.

Niðurstaða fundar:

Kynning á frumdrögunum fari fram á næsta fundi stjórnar SSH hinn 7. desember nk.

4. Sóknaráætlun 2020-2024 / málsnr. 1906002

Meðal áhersluverkefna í sóknaráætlun 2020–2024 er að stofna sjóð til að styðja við nýsköpunarverkefni á svíði ferðapjónustu og sjálfbærni. Á 499. fundi stjórnar SSH hinn 6. júlí 2020 var samþykkt að hefja starfrækslu sjóðsins. Á grundvelli þess stendur nú fyrir dyrum að auglysa eftir umsóknum um styrki og liggur fyrir fundinum að samþykkja auglýsinguna svo og að taka afstöðu til starfsreglna sjóðsins, en fyrirliggjandi drögum hefur verið breytt lítillega til að einfalda ferli við framkvæmdina. Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH, kynnir ofangreint.

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir fyrirliggjandi tillögur að breyttum starfsreglum sjóðsins og að auglýsing eftir styrkumsóknum verði birt, en umsóknarfrestur verður til 31. desember nk. Skipun fulltrúa SSH í úthlutunarnefnd er frestað til næsta fundar stjórnar SSH sem haldinn verður 7. desember nk.

5. Samgöngusáttmálinn / málsnr. 2003010

Lagt fram yfirlit og minnisblað frá SSH um framlög frá aðildarsveitarfélögum. Þá liggur fyrir minnisblað Vegagerðarinnar um stöðu verkefna. Páll Björgvin Guðmundsson kynnir ofangreint.

Umraður.

6. Umferðarljósastýringar á höfuðborgarsvæðinu – niðurstöðu úttektar / málsnr. 2011013

Lögð fram skýrsla með niðurstöðum úttektar SWECO á umferðarljósastýringum á höfuðborgarsvæðinu ásamt kynningarglærum og erindisbréfi samstarfshóps sveitarfélaganna og Vegagerðarinnar um umferðaljósastýringar.

Niðurstaða fundar:

Skrifstofu SSH falið að senda fyrirliggjandi gögn til sveitarfélaganna.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 14:00



Stjórn SSH

516. fundur

Mánudaginn 7. desember 2020, kl. 11:00, kom stjórn SSH saman til fundar með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Árman Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Haraldur Sverrisson, Rós Guðbjartsdóttir stjórmarmenn í SSH og Gunnar Einarsson formaður stjórnar. Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH, og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Undirbúningur Borgarlínu / málsnr. 1903002

Framhald umræðu frá 515. fundi. Kynning á drögum frumdraga fyrstu lotu Borgarlínu sem liggja fyrir. Gestir fundarins undir þessum lið eru Bryndís Friðriksdóttir, Lilja G. Karlsdóttir, Ragnheiður Einarsdóttir og Hrafnkell Á Proppé, verkefnastjóri Borgarlínu. Einnig Jóhannes Rúnarsson, framkvæmdastjóri Straetó bs. Hrafnkell Á Proppé, Ragnheiður Einarsdóttir og Lilja G. Karlsdóttir kynna frumdrögin.

Þá eru lagðar fram til kynningar fundargerðir framkvæmdastjórnar Verkefnastofu Borgarlínu.

2. Málefni skíðasvæðanna / mál nr. 1501005

Áframhaldandi umræða frá 515. fundi. Gestir fundarins undir þessum lið eru Björg Fenger fulltrúi í samstarfsnefnd Skíðasvæðanna, Magnús Árnason framkvæmdastjóri Skíðasvæðanna, Ómar Einarsson sviðsstjóri ÍTR, Rós Steingrímsdóttir sviðsstjóri fjármálasviðs Hafnarfjarðar, Margrét Lilja Gunnarsdóttir frá Innkaupaskrifstofu Reykjavíkur og Eyþóra Kristín Geirsdóttir frá embætti borgarlögmans. Kynntar eru tillögur um framhald innkaupaferlis og uppfærð sviðsmynd vegna uppbyggingar á skíðasvæðunum.

Niðurstaða fundar:

Skrifstofu SSH er falið að senda fyrirliggjandi tillögur til umræðu, afgreiðslu og staðfestingar á vettvangi aðildarsveitarfélaganna. Samhliða er skrifstofu SSH falið að vinna viðauka við Samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 7. maí 2018, til samræmis við framlagðar tillögur. Málinu verður fylgt eftir með kynningu verði óskað eftir því af sveitarfélögunum.

3. Aðalfundur 2020 / mál nr. 2009001



Aðalfundur SSH fór fram 13. nóvember sl. Á fundinum komu fram nokkrar tillögur og athugasemdir sem koma til meðferðar stjórnar SSH, en nánari útlistun er að finna í fyrirliggjandi minnisblaði og meðfylgjandi gögnum þess.

Niðurstaða fundar:

Tillaga um höfuðborgarkort sem fram kom á aðalfundi 2020 verði skoðuð samhliða vinnu um átaksverkefni sóknaráætlunar og er vísað til þeirrar umræðu.

Tillögu um að skoða möguleika á að umbuna framlínustarfsfólk byggðasamlaganna er vísað til byggðasamlaganna.

Erindi um störf svæðisskipulagsnefndar og svæðisskipulagsstjóra er vísað til skrifstofu SSH.

Framkvæmdastjóra SSH er falið að svara upplýsingabeiðnum sem fram komu á aðalfundi 2020 og vörðuðu tillögur sem voru lagðar fram á aðalfundi 2019 og veita upplýsingar um afgreiðslu þeirra tillagna.

4. Fjöldsmiðjan / málsnr. 1501007

Fyrirliggjandi er erindi Fjöldsmiðjunnar, dags. 2. nóvember 2020, þar sem lýst er áhrifum Covid-19 á starfsemina ásamt því að farið er fram á viðbótarfjármagn til starfseminnar vegna þeirra. Afgreiðslu þessa erindis var frestað á 514. fundi.

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir að leggja til við sveitarfélögum að veitt verði viðbótarfjármagni til starfsemi Fjöldsmiðjunnar í samræmi við erindið og þá kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaga sem þar kemur fram.

5. Sóknaráætlun 2020-2024 / málsnr. 1906002

Á 515. fundi var ákveðið að birta auglýsingu þar sem óskað er eftir styrkumsóknum úr sjóði sem styðja á við nýsköpunarverkefni á sviði ferðaþjónustu og sjálfbærni, en um er að ræða eitt af áhersluverkefnum sóknaráætlunar 2020-2024. Þriggja manna úthlutunarnefnd er m.a. ætlað að yfirfara styrkumsóknir og leggja tillögur um styrkveitingar fyrir stjórn til samþykktar. Samtök ferðaþjónustunnar hafa tilnefnt Rannveigu Grétarsdóttur, og Pál Gíslason í úthlutunarnefnd sjóðsins og Íslandsstofa hefur tilnefnt Hildi Björgu Bæringsdóttur og Þorleif Þór Jónsson. Einn nefndarmanna skal skipaður af stjórn SSH án tilnefningar og liggur fyrir fundinum að skipa í nefndina.

Þá er fyrirliggjandi greinargerð stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál um sóknaráætlanið landshluta 2015-2019.

Niðurstaða fundar:



Rósa Guðbjartsdóttir er skipuð sem fulltrúi SSH í úthlutunarnefnd sjóðsins. Rannveig Grétarsdóttir og Þorleifur Þór Jónsson eru skipuð úr hópi tilnefndra í úthlutunarnefndina.

6. Stjórnsýsla byggðasamlaga / málsnr. 1912001

Framhald umræðu frá 513. fundi. Ákveðið hefur verið að halda fræðslufund fyrir kjörna fulltrúa um verkefnið og liggur fyrir fundinum að ákveða fyrirkomulag hans. Gestir fundarins undir þessum lið eru Guðrún Ragnarsdóttir og Helga Hlín Hákonardóttir ráðgjafar Strategíu. Þá liggur fyrir fundinum að ákvarða fyrirkomulag á stýrihópi vegna verkefnisins. Helga Hlín Hákonardóttir fjallar um tillögur um stefnuráð, Hildigunnur Hafsteinsdóttir kynnir stöðu greiningar verkefna, Guðrún Ragnarsdóttir kynnir drög að dagskrá fundarins.

Niðurstaða fundar:

Kynningarfundur fyrir kjörna fulltrúa á höfuðborgarsvæðinu um verkefnið og stöðu þess verður haldinn föstudaginn 11. desember kl. 8:00 í samræmi við fyrirliggjandi dagskrá.

7. Umferðarljósastýringar á höfuðborgarsvæðinu / málsnr. 2011013

Fyrirliggjandi er erindi frá Bæjarráði Kópavogsþærjar en ráðið samþykkti að vísa fyrirspurn bæjarfulltrúans Theódóru S. Þorsteinsdóttur um umferðarljósastýringu á höfuðborgarsvæðinu til stjórnar SSH og stjórnar Betri Samgangna ohf. Erindið varðar það hvort kaup Reykjavíkurborgar á umferðarljósabúnaði falli undir Samgöngusáttmálann, hvenær ráðist verði í markvissar aðgerðir til að nýta tæknilausnir og umferðarljósakerfi á höfuðborgarsvæðinu í takt við markmið samkomulagsins. Einnig hvort farið verði í útboð á hugbúnaði vegna miðlægrar stýringar umferðarljósa, um kaup á vélbúnaði og þjónustu kerfisins og stýrikössum umferðarljósa ásamt öðrum búnaði sem tengist kerfinu.

Fyrir liggja niðurstöður úttektar SWECO á umferðarljósastýringum á höfuðborgarsvæðinu. Í úttektinni felst greining á núverandi umferðarljósakerfi og rekstri þess, mat á kostum og göllum mismunandi umferðarljósakerfa og verkferla og tillaga um hvernig þróá á umferðarljósastýringar á höfuðborgarsvæðinu. Nauðsynlegt þótti að vinna greinargott stöðumat á umferðarljósastýringum á höfuðborgarsvæðinu með það að markmiði að vinna frekari tillögur og aðgerðaáætlun á grundvelli niðurstaðna SWECO. Samstarfshópur sveitarfélaganna og Vegagerðarinnar um umferðarljósastýringar á að vinna frekari tillögur og að gerðaáætlun á grundvelli niðurstaðna SWECO og skila ítarlegri tillögum að úrbótum ásamt aðgerða- og innleiðingaráætlun til stjórnar Betri samgangna ohf. í janúar 2021.

Niðurstaða fundar:

Skrifstofu SSH er falið að svara erindinu í samræmi við framangreint.

8. Áfangastaða- og markaðsstofur / málsnr. 2011009



Lögð eru fram til kynningar og umræðu drög samantektar um skipulag, áherslur og samstarf áfangastaða- og markaðsstofa. Þá liggja fyrir drög að samstarfssamningi milli atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins og SSH um stofnun áfangastaðastofu á starfssvæði SSH. Páll Björgvin Guðmundsson kynnir framangreint. Er framkvæmdastjóra í samráði við formann falið að fylgja málina eftir.

9. Samstarfssamningar sveitarfélaga / málsnr. 2009003

Hinn 24. ágúst sl. fengu sveitarfélögin erindi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins þar sem koma fram ábendingar og athugasemdir við form og efni þar tilgreindra samtarfssamninga sveitarfélaga. Fyrirliggjandi er minnisblað um stöðu þessarar vinna hjá SSH og sveitarfélögunum og verður það kynnt.

EKKI GAFST TÍMI TIL AÐ TAKA ÞENNAN LIÐ Á DAGSKRÁ FUNDARINS OG ER HONUM FRESTAÐ.

10. Erindi varðandi kostnað við förgun dagblaðapappírs /málsnr. 2012002

Fyrirliggjandi er erindi Magnúsar Halldórssonar, þar sem spurt er um kostnað sveitarfélaganna vegna förgunar á dagblaðapappír, og hvort SSH telji koma til greina að banna frídreifingu efnis á dagblaðapappír af umhverfisástæðum. Gerð er tillaga um að erindinu verði vísað til Sorpu bs.

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir að vísa erindinu til Sorpu bs.

11. Fundargerð stjórnar Sorpu bs.

Lögð fram til kynningar ásamt fundargögnum:
Fundargerð 436. fundar stjórnar Sorpu bs. hinn 22. október 2020.

12. Fundargerð stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál

Lögð fram til kynningar:
Fundargerð 65. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál hinn 2. nóvember 2020.

13. Fundargerðir byggðamálaráðs

Lögð fram til kynningar:
Fundargerð 11. fundar byggðamálaráðs hinn 5. nóvember 2020.

14. Fundargerðir stjórnar Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar Norðurlandi eystra



Lagðar fram til kynningar:
Fundargerð 17. fundar, hinn 11. nóvember 2020.
Fundargerð 18. fundar, hinn 25. nóvember 2020.

15. Fundargerðir stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga

Lagðar fram til kynningar:
Fundargerð 563. fundar, hinn 28. október 2020.
Fundargerð 564. fundar, hinn 6. nóvember 2020.

16. Fundargerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Lagðar fram til kynningar:
Fundargerð 890. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga hinn 30. október 2020.
Fundargerð 891. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga hinn 20. nóvember 2020.

17. Stafrænt ráð sveitarfélaga/ *málsnr. 2012003*

Kynning á starfi Stafræns ráðs sveitarfélaga, fyrirliggjandi tillögum ráðsins og næstu skrefum í vinnu þess. Gestur fundarins undir þessum lið er Áslaug Hulda Jónsdóttir, fulltrúi SSH í Stafrænu ráði sveitarfélaga. Áslaug Hulda Jónsdóttir kynnir framangreint, en fyrirliggjandi eru tillögur um stofnun miðlægs tækniteymis Sambands íslenskra sveitarfélaga og er ráðgert að kostnaður vegna þess skiptist milli sveitarfélaga.

Niðurstaða fundar:

Framangreindu er vísað til umræðu og afgreiðslu á vettvangi aðildarsveitarfélaganna með tilheyrandi kynningu, verði óskað eftir því af hálfu sveitarfélaganna.

18. Fundargerð Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins

Lögð fram til kynningar:
Fundargerð 387. fundar Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins, hinn 2. desember 2020.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 14:00

Til bæjarstjórnar

Tillaga um að Garðabær birti fundargerðir verkfunda við byggingu fjölnota íþróttahúss í Vetrarmýri á heimasíðu Garðabæjar

Flutningsmaður Ingvar Arnarson

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að fundargerðir verkfunda við byggingu fjölnota íþróttahúss í Vetrarmýri verði framvegis birtar á heimasíðu Garðabæjar.

Greinagerð

Verkfundir eru liður í stýringu og stjórnun framkvæmda þar sem hittast fulltrúar alverktaka, eftirlitsaðila, verkkaupa og hönnuða, til þess að ræða helstu mál sem uppi eru hverju sinni varðandi framkvæmdirnar. Verkfundir eru að lágmarki á tveggja vikna fresti, sem getur þó breyst eftir ástæðum og framgangi verks. Það að birta fundargerðir er mikilvægur liður í upplýsingagjöf og gefur mikilvæga innsýn inn í þetta stóra verk.

Birting fundargerða verkfunda í stórum verkefnum hefur verið í Hafnarfirði um nokkurt skeið.

Hér má sjá dæmi um verkfund sem er birtur á íbúagátt Hafnarfjarðar:

<http://ibuagatt.hafnarfjordur.is/meetingsearch/displaydocument.aspx?itemid=186370701071583068891&meetingid=1910009F%20%20%20%20%20%20%20&filename=&cc=Document>